247 000		Lán hjá handhafa 1964 vegna byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík.
57 000	40 000	Lán hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar 1964 vegna byggingar Menntaskólans í Reykjavík.
127 057	87 901	Lán hjá Iðnaðarbanka Íslands h/f vegna byggingar Menntaskólans í Reykjavík.
55 241	38 766	Lán hjá Verzlunarbanka Íslands h/f vegna byggingar Menntaskólans í Reykjavík.
90 778	66 667	Lán hjá Samvinnubanka Íslands h/f vegna byggingar Menntaskólans í Reykjavík.
380 179	258 534	Lán hjá Iðnaðarbanka Íslands h/f vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
258 329	178 800	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
35 995	29 333	Lán hjá Samvinnubanka Íslands h/f vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
227 260	172 336	Lán hjá Verzlunarbanka Íslands h/f vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.

Vextir 7. grein kr.	Afborganir 20. gr. Út I. kr.	
240 000	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1964 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
114 000	80 000	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands vegna byggingar Menntaskólans í Reykjavík.
95 000	66 667	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna byggingar Menntaskólans í Reykjavík.
1 500 000		Vextir af yfirdráttarskuldum.
<u>8 337 290</u>	<u>13 451 423</u>	

Frá vaxtaupphæðinni, kr. 8 337 290, og afborgununum, kr. 13 451 423, koma til frádráttar þessir liðir:

	Vextir:	Afborganir:
1. Af stofnlánnum togara .....	kr. 56 425	
2. Af 8.7 millj. kr. stofnlánabréfum í eign ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Svíþjóðarbáta .....	— 28 531	
3. Af lánum veittum vegna sölu byggingarsamvinnufélagshúsa á Seyðisfirði .....	— 20 781	kr. 34 355
4. Tekjur af húseigninni Borgartún 7 standa undir greiðslum vaxta og afborgana af láni vegna kaupa á henni og koma því til frádráttar .....	— 534 375	— 1 500 000
5. Til frádráttar koma einnig vextir og afborgun af skuldabréfi því, sem ríkissjóður keypti af Sameinuðu þjóðunum .....	— 64 556	— 110 234
	<u>Samtals kr. 704 668</u>	<u>kr. 1 644 589</u>

Vextir af föstum innlendum lánum verða því kr. 7 632 622 og afborganir kr. 11 806 834.

#### Um 8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins hækkar alls um 326 þús. kr. Laun forseta hækka um 196 þús. kr., sbr. 1. gr. l. nr. 3/1964. Kostnaður við skrifstofu forseta í Reykjavík hækkar um 36 þús. kr., bifreiðakostnaður um 57 þús. kr. og kostnaður við forsetasetrið á Bessastöðum hækkar um 37 þús. kr.

#### Um 9. gr.

Alþingiskostnaður hækkar um 1650 þús. kr. samkvæmt áætlun skrifstofustjóra Alþingis, en það stafar aðallega af hækkun á kaupum alþingismanna, sbr. l. nr. 4/1964.

#### Um 10. gr.

I. *Stjórnarráðið*. Bætt er við fulltrúa hálfan daginn í atvinnumálaráðuneytinu og sömuleiðis í samgöngumálaráðuneytinu. Fækkað er um 1 bókara í félagsmálaráðuneytinu. Fækkað er um 1 fulltrúa í fjármálaráðuneytinu, en bætt er við 1 fulltrúa og 1 ritara í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins. Bætt er við 1 deildarstjóra svo og viðskiptaráðunaut með hálfum launum í utanríkisráðuneytinu, en hinn helmingur launa hans greiðist af viðskiptamálaráðuneytinu, en þar er fækkað um einn bókara hálfan daginn og einn ritara hálfan daginn og annan allan daginn. Bætt er við 1 fulltrúa á Hagstofunni. Loks er fækkað um tvo starfsmenn í ríkisbókhaldi. Fjölgun starfsmanna í stjórnarráði er sú sama og fækkingunin, þannig að heildarfjöldi starfsmanna er óbreyttur. Framlag til Efnahags-

stofnunar ríkisins hækkar um 68 þús. kr. Á Hagstofunni hækkar kostnaður við útgáfu hagskýrslna um 84 þús. kr., annar kostnaður um 56 þús. kr. og annar kostnaður Þjóðskrárinnar um 80 þús. kr. Símakostnaður og burðargjöld stjórnarráðsins hækka um 400 þús. kr. og annar kostnaður um 1 millj. kr. vegna of lágrar áætlunar áður. Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins hækkar um 50 þús. kr. Annar kostnaður við ríkisbókhald hækkar um 300 þús. kr. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga hækkar um 100 þús. kr. Kostnaður við að gefa út stjórnartíðindi hækkar um 300 þús. kr. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað hækkar um 350 þús. kr. Kostnaður við kjarasamninga hækkar um 150 þús. kr.

## II. Utanríkismál:

1. *Sendiráðið í Kaupmannahöfn*. Annar kostnaður hækkar um 34 þús. kr.
2. *Sendiráðið í Stokkhólmi*. Annar kostnaður hækkar um 35 þús. kr.
3. *Sendiráðið í London*. Annar kostnaður hækkar um 99 þús. kr. Kostnaður vegna sölu á sendiherrabústaðnum Redington House og kaupa á húseigninni 101, Park Street, W.1. er nýr liður að upphæð 1070 þús. kr.
4. *Sendiráðið í Washington* og skrifstofa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Annar kostnaður lækkar um 284 þús. kr.
5. *Sendiráðið í París* og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OFEC. Bætt er við 1 sendiráðunaut. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr.
6. *Sendiráðið í Osló*. Annar kostnaður lækkar um 58 þús. kr.
8. *Sendiráðið í Moskvu*. Annar kostnaður lækkar um 41 þús. kr.
9. *Aðalræðismannsskrifstofan í New York*. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr.
10. *Ferðakostnaður* hækkar um 250 þús. kr.
11. *Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins* lækkar um 450 þús. kr.
16. *Til söfnunar heimilda erlendis um sögu Íslands í tveim heimsstyrjöldum* er nýr liður að upphæð 250 þús. kr.

## III. Tillög til ýmissa alþjóðastofnana:

4. *Tillag til varnarliðs Sameinuðu þjóðanna* er nýr liður að upphæð 350 þús. kr. Þessi liður kemur í stað liðarins „tillag til starfsemi Sameinuðu þjóðanna í Kongó“ í núgildandi fjárlögum, sem er 1032 þús. kr.
5. *Tillag til matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (F.A.O.)* hækkar um 30 þús. kr.
7. *Tillag til efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD)* hækkar um 200 þús. kr.
8. *Tillag til Evrópuráðsins* hækkar um 20 þús. kr.
10. *Tillag til Atlantshafsbandalagsins (NATO)* hækkar um 500 þús. kr.
15. *Tillag til alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar* hækkar um 17 þús. kr.
19. *Tillag til alþjóðasiðingarmálastofnunarinnar* hækkar um 25 þús. kr.
21. *Kostnaður vegna þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins* hækkar um 10 þús. kr.
23. *Tillag til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO)* lækkar um 66 þús. kr.

## Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur*. Útgáfa hæstaréttardóma hækkar um 35 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr.
2. *Saksóknaraembætti ríkisins*. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 25 þús. kr. og annar kostnaður um 55 þús. kr.
3. *Borgardómaraembættið í Reykjavík*. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 55 þús. kr. og annar kostnaður um 80 þús. kr.
4. *Borgarfógetaembættið í Reykjavík*. Bætt er við einum ritara. Húsaleiga, ljós, hiti, ræsting o. fl. hækkar um 14 þús. kr. og annar kostnaður um 75 þús. kr.

5. *Sakadómaraembættið í Reykjavík*. Bætt er við 1 símastúlku og 1 birgðaverði. Annar kostnaður lækkar um 610 þús. kr., þar sem nú er lokið flutningi embættisins í nýtt húsnæði.

6. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík*. Bætt er við 1 gjaldkera og 1 ritara. Aukavinna lækkar um 25 þús. kr. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður lækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 90 þús. kr.

7. *Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli*. Bætt er við 1 bókara. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 35 þús. kr. og annar kostnaður um 35 þús. kr.

8. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar*. Fjölgað er um innheimtumann og ritara í Kópavogi. Annar kostnaður hækkar um 3.7 millj. kr., sumpart af of lágrí áætlun undanfarið. Endurgreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins hækkar um 1 millj. kr. Viðhald embættisbústaða hækkar um 50 þús. kr.

9. *Laun hreppstjóra* hækka um 270 þús. kr.

10. *Lögreglukostnaður*:

a. *Ríkislögreglan í Reykjavík*. Fjölgað er um 2 ríkislögreglumenn. Vaktaálag, aukavinna o. fl. hækkar um 170 þús. kr. Einkennisfatnaður, tryggingar o. fl. hækkar um 69 þús. kr. Bifreiðakostnaður hækkar um 250 þús. kr. Fjarskiptaþjónusta hækkar um 25 þús. kr. Æfingaskáli og gufubaðstofa hækkar um 39 þús. kr. Kostnaður vegna kvenlögreglu hækkar um 11 þús. kr. Lögregluskóli, áhöld o. fl. hækkar um 10 þús. kr.

b. *Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli*. Fækkað er um 1 varðstjóra. Vaktaálag og helgidaga-uppbót hækkar um 195 þús. kr. Einkennisfatnaður hækkar um 60 þús. kr. Bifreiðakostnaður og tryggingar hækkar um 100 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr.

e. *Til sumarlög-gæzlu á Seyðisfirði* hækkar um 50 þús. kr.

o. *Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík* hækkar um 1030 þús. kr.

p. *Ýmis annar lög-gæzlukostnaður* hækkar um 5.5 millj. kr. Hækkun þessi stafar í fyrsta lagi af því, að ríkissjóður greiðir 50% kostnaðarins á næsta ári í stað 40% á þessu ári. Auk þess stafar hækkunin m. a. af því, að gert er ráð fyrir því, að lögreglumönnum fjölgi verulega og kostnaðurinn er vanáætlaður í fjárlögum nú.

q. *Til lög-gæzlu í sveitum* hækkar um 700 þús. kr.

11. *Til hegningarhúsa og vinnuhæla*:

a. *Hegningarhúsið í Reykjavík*. Vaktaálag hækkar um 30 þús. kr. og annar kostnaður um 300 þús. kr.

b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni*. Fækkað er um tvo gæzlumenn. Vaktaálag lækkar um 8 þús. kr. Aukavinna hækkar um 20 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 89 þús. kr. Til kaupa á vélum er nýr liður að upphæð 200 þús. kr.

c. *Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík*. Kostnaðarhluti ríkissjóðs vex um 95 þús. kr.

d. *Vinnuhælið að Kotabryggju*. Liðurinn er nú sundurliðaður og hækkar samtals um 133 þús. kr.

e. *Kostnaður við önnur fangahús* hækkar um 65 þús. kr.

13. *Málskostnaður* hækkar um 300 þús. kr., en endurgreiddur málskostnaður hækkar um 100 þús. kr.

16. *Laun meðdómsmanna* hækka um 100 þús. kr.

17. *Kostnaður við störf setu- og varadómara* hækkar um 100 þús. kr.

20. *Til útgáfu íslenskra dómaskráa* er nýr liður að upphæð 300 þús. kr.

21. *Til almannavarna* lækkar um 1271 þús. kr.

22. *Kostnaður við landhelgisgæzlu* hækkar um 17 millj. kr. Þessi mikla hækkun stafar fyrst og fremst af því, að liðurinn hefur verið allt of lágt áætlaður í fjárlögum undanfarið, enda þótt yfirleitt hafi verið farið eftir tillögum stofnunarinnar um fjárveitingar. Tekjur eru áætlaðar 1.5 millj. kr. hærri en áður.

23. *Bifreiðaeftirlit ríkisins*. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Vegna



húsnæðis fyrir bifreiðæftirlit á Akureyri lækkar um 100 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

24. *Kostnaður við eftirlit á vegum.* Annar kostnaður lækkar um 150 þús. kr.

25. *Húsameistari ríkisins.* Annar kostnaður lækkar um 500 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar 100 þús. kr. hærri en áður.

26. *Til bindindisstarfsemi.* Til áfengisvarnaráðs lækkar um 50 þús. kr. Til Stórstúku Íslands lækkar um 10 þús. kr.

#### Um 11. gr. B.

##### I. *Tollar:*

a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík.* Húsaleiga, ljós og hiti lækkar um 100 þús. kr. Símakostnaður og burðargjöld lækkar hins vegar um 100 þús. kr. vegna of hárrar áætlunar áður. Annar kostnaður lækkar um 100 þús. kr.

##### b. *Tollgæzla:*

1. *Í Reykjavík.* Fjölgað er um 10 tollverði, en starfsmönnum við tollgæzlu hefur ekki verið fjölgað síðan árið 1957. Tala tollafgreiðslna hefur hins vegar aukizt um 40% síðan þá að því er snertir innflutning með skipum. Vinnutími tollvarða var stytur úr 48 tímum í 44 tíma á viku með kjaradómi á s. l. ári. Auk þessa hafa risið hér upp tollfrjálsar forðageymslur undanfarið, nú síðast Tollvörugeymslan h/f. Meðal annars af þessum ástæðum er nauðsynlegt að fjölga tollvörðum verulega. Húsaleiga, ljós og hiti lækkar um 250 þús. kr. Símakostnaður lækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður lækkar um 140 þús. kr.

2. *Á Keflavíkurflugvelli.* Fjölgað er um tvo tollverði. Einkennisfatnaður lækkar um 25 þús. kr. Fæðisstyrkur tollvarða lækkar um 31 þús. kr. og annar kostnaður lækkar um 50 þús. kr.

3. *Utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Annar kostnaður lækkar um 100 þús. kr.

II. *Kostnaður við ríkisskattnefnd og skattstofur* lækkar um 5.5 millj. kr. Unnið er að því að efla og bæta eftirlit með skattframtölum. Hefur verið stofnuð skattrannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra, og er kostnaður við hana áætlaður 3.6 millj. kr. árið 1965.

III. *Kostnaður við fasteignamat* lækkar um 4.5 millj. kr., en aðalmat fasteigna stendur nú yfir og nær kostnaðurinn hámarki á næsta ári. Liðurinn eftirlit með opinberum sjóðum, 21 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

IV. *Kostnaður við embættiseftirlitsferðir* lækkar um 5 þús. kr.

V. *Innheimtulaun* hækka um 150 þús. kr.

VI. *Innheimtustofnun* lækkar um 255 þús. kr.

#### Um 11. gr. C.

*Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur* lækkar um 600 þús. kr. vegna hækkaðs verðlags og of lágrar áætlunar í fjárlögum nú.

#### Um 12. gr.

II. *Héraðslæknar.* Gert er ráð fyrir launum 63 héraðslækna, þar af 6 aðstoðarlækna og eins staðgengils, og er það óbreytt tala frá því sem verið hefur. Símakostnaður og burðargjöld hækka um 20 þús. kr.

III. *Kostnaður við framkvæmd laga um læknaáð* lækkar um 28 þús. kr. vegna hækkaðra launa læknaáðsmanna.

IV. *Ríkisspítalar.* Rekstrarhalli ríkisspítalanna lækkar um 18 060 þús. kr., og stafar sú hækkan einkum af tilkomu nýrra deilda á Landsspítalanum. Gert er ráð fyrir því, að daggjöld á Landspítalanum hækki úr kr. 300 í kr. 360 og daggjöld á hælum úr kr. 200 í kr. 230.

A. *Landspítali.* Matvörur hækka um 993 þús. kr. og annar kostnaður um 4105 þús. kr. Tekjur hækka um 5220 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 4618 þús. kr. Ljósmaðraskólinn er nú áætlaður sérstaklega.

B. *Landspítali, viðbygging.* Gert er ráð fyrir, að 3 nýjar sjúkradeildir taki til starfa með samtals 80 rúmum: Barnadeild með 30 rúmum 1. janúar, lyflæknisdeild með 25 rúmum 1. marz og taugasjúkdómadeild með 25 rúmum 1. apríl. Nýir starfsmenn í þessum 3 deildum verða 57. Þá er gert ráð fyrir sérdeild innan skurðeildar, svonefndri „recovery-deild“ með 3 starfsmönnum og sérdeild, sem annist alla sóttþreinsun fyrir skurðeild og sjúkradeildir með 4 starfsmönnum, fjölgun um 2 námshjúkrunarkonur í skurðeildinni, fjölgun um 2 starfsmenn í svæfingardeild, fjölgun um 2 starfsmenn í röntgendeild og fjölgun um 10 starfsmenn við ýmis störf, eða starfsliði fjölgað um samtals 80 manns, eða nánar sundurliðað sem hér segir: Í barnadeild: 1 yfirhjúkrunarkona, 1 deildarhjúkrunarkona, 9 hjúkrunarkonur, 3 hjúkrunarnemar, 1 ritari, 1 kennari, 8 starfsstúlkur (24). Í lyflæknisdeild: 1 deildarlæknir, 1 aðstoðarlæknir I, 1 deildarhjúkrunarkona, 6 hjúkrunarkonur, 2 hjúkrunarnemar, 5 starfsstúlkur, 2 ritarar (18). Í taugasjúkdómadeild: 1 yfirlæknir, 1 deildarlæknir, 1 deildarhjúkrunarkona, 5 hjúkrunarkonur, 2 hjúkrunarnemar, 5 starfsstúlkur (15). Recovery-deild: 1 deildarhjúkrunarkona, 1 sér-lærð hjúkrunarkona, 1 hjúkrunarnemi. Aðalsóttþreinsun: 1 deildarhjúkrunarkona, 2 starfsstúlkur, 1 starfsmaður með vélstjóramenntun auk sérþjálfunar í sóttþreinsunartækni (4). Skurðeild: 2 námshjúkrunarkonur. Svæfingadeild: 1 aðstoðarlæknir II, 1 yfirhjúkrunarkona (2). Röntgendeild: 1 skrifstofustjóri III og 1 verkstjóri við framköllun á myndum (2). Almenn þjónusta: 2 hjúkrunarkonur, 1 viðgerðarmaður, sérfróður um viðgerðir á rannsókn- og lækningaáhöldum, 2 næturverðir, 1 símastúlka, 1 aðstoðarmatráðskona, 1 rafvirki, 1 sjúkrahjálfari, 1 véla- og ketilgæzlustjóri (vélstjórælærður) (10). Rekstrarhalli samkvæmt þessum lið er áætlaður 10479 þús. kr.

C. *Fæðingardeild Landspítalans.* Bætt er við 1 aðstoðarlækni og 1 svæfingarhjúkrunarkonu. Fæðiskostnaður hækkar um 228 þús. kr. og annar kostnaður um 823 þús. kr. Tekjur hækkar um 1927 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 449 þús. kr.

D. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum.* Matvörur hækkar um 496 þús. kr., og annar kostnaður um 434 þús. kr. Tekjur hækkar um 1735 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 1451 þús. kr. Til brunavatsveitu, 520 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður, en í staðinn kemur kostnaður við ketilhús og sjúkralyftu 1200 þús. kr.

E. *Heilsuhælið í Kristnesi.* Fjölgað er um 1 aðstoðarhjúkrunarkonu og gangastúlku. Matvörur hækkar um 370 þús. kr. og annar kostnaður um 560 þús. kr. Tekjur hækkar um 991 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 1077 þús. kr.

F. *Geðveikrahælið á Kleppi.* Á s. l. ári, þ. e. 1963, tók ríkið við rekstri hjúkrunarstöðvar Bláa bandsins fyrir áfengissjúklinga við Flókagötu hér í borg og keypt var af samtökunum í nafni Gæzluvistarsjóðs húseignin nr. 29 við Flókagötu. Ríkið hóf síðan í lok s. l. árs rekstur stöðvarinnar, og er hún rekin sem deild úr Kleppsspítalanum og nefnd „Flókadeild“. Reksturinn fellur undir 9. gr. laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra nr. 39 19. maí 1964. Starfsliði fjölgar um 24 eða sem hér segir: 1 aðstoðaryfirlækni, 2 aðstoðarlækna, 1 forstöðukonu, 1 deildarhjúkrunarkonu, 2 hjúkrunarkonur, 1 sjúkrakennara, 1 félagsmálaráðunaut, 1 vaktmann, 1 matráðskonu, 1 aðstoðarmatráðskonu, 8 starfsstúlkur, 1 umsjónarmann, 1 skrifstofustúlku, 1 vökukonu og 1 sérfræðing. Matvörur hækkar um 1021 þús. kr. og annar kostnaður um 1717 þús. kr. Tekjur hækkar um 5060 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 115 þús. kr.

G. *Fávítahælið í Kópavogi.* Fjölgað er um 5 starfsstúlkur og 1 byggingar-eftirlitsmann vegna nýrrar sjúkradeildar, sem gert er ráð fyrir, að taki til starfa 1. júní 1965. Matvörur hækkar um 404 þús. kr. og annar kostnaður um 691 þús. kr. Tekjur hækkar um 2595 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 287 þús. kr.

H. *Fávítahælið í Kópavogi, viðbygging.* Þessi liður nær yfir hina nýju sjúkradeild. Rekstrarhalli hennar er áætlaður 75 þús. kr.

I. *Hold sveikraspítalinn í Kópavogi.* Fæðiskostnaður lækkar um 5 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 215 þús. kr.

J. *Ljósmeðraskóli Íslands*. Ljósmeðraskólinn er áætlaður sérstaklega í frumvarpinu, en er með í áætlun fyrir Landsspítalinn í þessa árs fjárlögum. Á þessu hausti verður sú breyting á rekstri skólans, að hann verður tveggja ára skóli í stað eins árs. Rekstrarhalli skólans er áætlaður 617 þús. kr. eða 257 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú.

K. *Blóðbankinn*. Annar kostnaður hækkar um 285 þús. kr. Tekjur hækka um 300 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 144 þús. kr.

V. *Rannsóknarstofa Háskólans*. Annar kostnaður hækkar um 47 þús. kr. Tekjur hækka um 225 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 378 þús. kr.

VI. *Rekstrarstyrkur sjúkrahúsa* hækkar um 4 millj. kr. Vegna lagabreytinga (lög nr. 41/1964) gjaldfellur á árinu 1965 1½ árs rekstrarstyrkur í stað eins árs áður, þar sem greiða á styrkinn hálfu ári eftir á í stað eins árs áður.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðvar í Reykjavík* hækkar um 980 þús. kr. og styrkur til heilsuverndarstöðva í öðrum kaupstöðum hækkar um 55 þús. kr.

IX. *Styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa*, hækkar um 12757 þús. kr. Áætlunin miðast í aðalatriðum við ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 41/1964, að greiðslu ríkisframlags til læknisbústaða skuli lokið á 5 árum og greiðslu framlags til sjúkrahúsa á 8 árum.

XIII. *Kostnaður er leiðir af fyrirmælum farsóttalaga* hækkar um 5 þús. kr.

XX. *Kostnaður vegna laga nr. 27/1945, um eyðing á rottum* hækkar um 200 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar í fjárlögum nú.

XXIV. *Hluti ríkissjóðs af launum ljósmeðra* hækkar um 150 þús. kr.

XXV. *Til vírusrannsókna* hækkar um 20 þús. kr.

XXVIII. *Tillag til alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar* hækkar um 80 þús. kr.

XXX. *Mjólkureftirlitið*. Liðurinn, „matvælaeftirlitið“, er klofinn í tvennt, þannig að mjólkureftirlit verður sérstakur liður.

XXXI. *Kostnaður við matvælarannsóknir* samkvæmt lögum nr. 24/1936 er klofinn út úr liðnum „matvælaeftirlit“ í fjárlögum nú. Þessi liður hefur verið mjög vanáætlaður undanfarið og samtals hækkar þessi kostnaður og kostnaður við mjólkureftirlit um 612 þús. kr.

XXXII. *Til Heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands, byggingarstyrkur*, hækkar um 200 þús. kr.

#### Um 13. gr. A.

Með vegalögum nr. 71/1963 verður sú höfuðbreyting, að útgjöld til vegamála eru að mestu tekin út úr fjárlögum, og jafnframt eru vegasjóði afhentir tilteknir tekjustofnar, er ríkissjóður hafði áður (innflutningsgjald af benzíni og bifreiðaskattur). Þó er gert ráð fyrir því, að veitt sé sérstakt framlag á fjárlögum til vegamála samkvæmt 89. gr. vegalaga og er það áætlað kr. 47 millj. árið 1965, en það er jafnhátt og framlagið verður á þessu ári. Tveir liðir eru auk þess eftir, sem sérstakir liðir á greininni: Til ferjuhalds, 15 þús. kr., og styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum, 100 þús. kr.

#### Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins*. Hallinn á rekstri Skipaútgerðar ríkisins hækkar um 6 millj. kr.

III. *Til byggingar flóabáta fyrir farsvæði Djúpbáts og Breiðafjarðarbáts* hækkar um 320 þús. kr.

#### Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála*. Fjölgað er um 1 ritara. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 90 þús. kr. Ferðakostnaður og fæðispeningar hækkar um 10 þús. kr.

II. *Laun vitavarða lækka* um 20 þús. kr. Aukagæzla og aðstoð hækkar um 30 þús. kr.

III. *Rekstrarkostnaður vitanna*. Rekstur vitaskips hækkar um 650 þús. kr. og vitanna um 450 þús. kr.

IV. *Viðhald og endurbætur vitanna* hækkar um 80 þús. kr.

VIII. *Til hafnarbótasjóðs* lækkar um 4 millj. kr.

IX. *Til greiðslu á eftirstöðvum af lögboðnum hluta ríkissjóðsframlags til hafnarframkvæmda* hækkar um 4 millj. kr.

X. *Greiðslur af hafnarlánnum* hækka um 1967 þús. kr. Ferjubryggjur, 500 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

XI. *Til rannsóknna á möguleikum til hafnargerða á stöðum, þar sem engar hafnarnefndir eru starfandi, þar af til Dyrhólasvæðis 100 þús. kr.* er nýr liður að upphæð 400 þús. kr.

#### Um 13. gr. D.

Allmiklar breytingar hafa verið gerðar á sundurliðun einstakra kostnaðarliða á 13. gr. D., sem miða í þá átt, að láta öll laun koma sérstaklega fram, og hafa sundurliðun fjárlaganna í samræmi við þá sundurliðun, sem gerð er í reikningi. Af þessum sökum er ógerlegt að rekja hækkanir sumra kostnaðarliða, heldur verður að taka þá saman til þess að fá samanburð við nágildandi fjárlög.

I. *Stjórn flugmála*. Aukavinna, önnur laun og annar kostnaður hækkar um 685 þús. kr. einkum vegna vanáætlunar áður.

#### II. *Reykjavíkurflugvöllur:*

1. *Flugvallarstjórn*. Aukavinna er nýr liður að upphæð 75 þús. kr. Annar kostnaður er nýr liður að upphæð 40 þús. kr.

2. *Slökkviliðsdeild*. Annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr.

3. *Vélaverkstæði*. Laun vélvirkja og tímakaupsmanna hækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 50 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

4. *Trésmiðaverkstæði*. Aukavinna hækkar um 50 þús. kr. Laun trésmiða og aðstoðarmanna hækka um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

5. *Rafmagnsverkstæði*. Aukavinna og annar kostnaður lækkar um 20 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

6. *Viðhald og varðveisla mannvirkja*. Sundurliðun liðarins er breytt til samræmis við reikning. Liðurinn hækkar í heild um 223 þús. kr.

7. *Annar kostnaður* hækkar um 200 þús. kr.

#### III. *Keflavíkurflugvöllur:*

1. *Stjórn flugmála*. Annar kostnaður hækkar um 31 þús. kr.

2. *Flugumferðarstjórn*. Vaktaálag og aukavinna hækkar um 114 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr.

3. *Radiodeild* hækkar um 71 þús. kr.

5. *Viðhald húsa og rekstur rafstöðva* hækkar um 150 þús. kr.

#### IV. *Aðrir flugvellir:*

1. *Framkvæmdastjórn* hækkar um 390 þús. kr. einkum vegna vanáætlunar áður.

2. *Akureyrarflugvöllur* hækkar um 58 þús. kr.

3. *Sauðárkróksflugvöllur* hækkar um 70 þús. kr.

5. *Vestmannaeyjaflugvöllur* hækkar um 18 þús. kr.

6. *Ísafjarðarflugvöllur* hækkar um 35 þús. kr.

7. *Húsavíkurflugvöllur* er nýr liður að upphæð 170 þús. kr.

8. *Aðrir flugvellir* lækka um 100 þús. kr.

#### V. *Flugöryggisþjónustan:*

A. *Framkvæmdastjórn*. Aukavinna, önnur laun og annar kostnaður hækkar um 47 þús. kr.

B. *Upplýsingaþjónustan*. Aukavinna og annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr.

C. *Flugumferðarstjórn:*

1. *Flugumferðarstjórn, Reykjavík.* Bætt er við 6 flugumferðarstjórum. Aukavinna og vaktaálag hækkar um 348 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 385 þús. kr.

2. *Flugumferðarstjórn, Akureyri.* Aukavinna og vaktaálag hækkar um 75 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 65 þús. kr.

3. *Flugumferðarstjórn, Vestmannaeyjum.* Aukavinna og vaktaálag hækkar um 95 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 45 þús. kr.

4. *Flugumferðarstjórn, Egilsstöðum.* Fækkað er um starfsmann hálfan daginn. Aukavinna og vaktaálag hækkar um 70 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr.

5. *Flugumferðarstjórn, Ísafirði.* Aukavinna hækkar um 20 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr.

6. *Flugumferðarstjórn, Hornafirði.* Aukavinna hækkar um 30 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr.

D. *Radiodeild:*

2. *Radioverkstæði, Reykjavík.* Aukavinna hækkar um 300 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr. Tekjur er áætlaðar jafnháar gjöldum.

3. *Radioverkstæði, Akureyri.* Aukavinna hækkar um 10 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 16 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

4. *Radioverkstæði, Egilsstöðum.* Fækkað er um radiovirkja hálfan daginn. Aukavinna lækkar um 15 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 23 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

5. *Rekstur stöðvanna* hækkar um 812 þús. kr. einkum vegna of lágrar áætlunar áður.

VI. *Kostnaður við alþjóðflugmálastofnunina og flugmálaráðstefnur:*

2. *Ferðakostnaður* hækkar um 20 þús. kr.

3. *ICAO-deild.* Aukavinna, önnur laun og annar kostnaður hækkar um 90 þús. kr.

VII. *Loftferðæftirlitið.* Aukavinna og annar kostnaður hækkar um 115 þús. kr. Tekjur lækka um 10 þús. kr. vegna of hárrar áætlunar áður.

VIII. *Þjálfun starfsmanna í flugvallarrekstri* hækkar um 25 þús. kr.

X. *Ferðakostnaður og mælingar* hækkar um 50 þús. kr. Liðurinn er undir öðrum flugvöllum í þessa árs fjárlögum.

XI. *Alþjóðflugþjónustan.* Flugfjarskiptaþjónustan hækkar um 549 þús. kr. Flugveðurþjónustan lækkar um 666 þús. kr. Alþjóðatillag lækkar um 107 þús. kr. og innlenda framlagið um 9 þús. kr.

Tekjur af Reykjavíkurflugvelli lækka um 2 millj. kr. einkum vegna flutnings Loftleiða h/f til Keflavíkurflugvallar, en tekjur af þeim síðarnefnda hækka um 4 millj. kr. Tekjur af öðrum flugvöllum hækka um 50 þús. kr.

Um 13. gr. E.

I. *Almenn veðurþjónusta:*

A. *Yfirstjórn og skrifstofa.* Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

B. *Veðurstofan á Reykjavíkurflugvelli.* Aukavinna og vaktaálag hækkar um 158 þús. kr. Símakostnaður hækkar um 16 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 21 þús. kr.

C. *Loftskeytadeild.* Aukavinna og vaktaálag hækkar um 44 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

D. *Veðurfarsdeild.* Aðkeypt vinna og aukavinna hækkar um 5 þús. kr. Þóknun veðurathugunarmanna hækkar um 28 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 80 þús. kr.

E. *Áhaldadeild.* Veðurathugunaráhöld hækka um 15 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr.

F. *Jarðeðlisfræðideild*. Aðkeypt vinna og aukavinna hækkar um 15 þús. kr. Jarðskjálftamælingar utan Reykjavíkur hækka um 30 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

G. *Bóka- og skjalasafn*. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

II. *Tillag til alþjóðaveðurrannsóknarstofnunarinnar* hækkar um 13 þús. kr.

III. *Veðurþjónusta vegna millilandaflugs*. Ráðuneytið hefur tekið áætlun veðurstofustjóra óbreytta inn í frumvarpið, enda er hún í samræmi við áætlun þá, sem send er alþjóðaflugmálastofnuninni.

#### Um 13. gr. F.

I. *Ferðaskrifstofa ríkisins*. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 50 þús. kr. Ýmis kostnaður lækkar um 50 þús. kr. Þátttaka í landkynningarstarfsemi Norðurlandþjóða hækkar um 100 þús. kr. Liðirnir, upplýsingaskrifstofa í London, 220 þús. kr. í fjárlögum nú, og upplýsingarskrifstofa á Akureyri, 30 þús. kr. í fjárlögum nú, falla niður. Tekjur hækka um 200 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 263 þús. kr.

II. *Skipaskoðun ríkisins*. Bætt er við 1 vélaeftirlitsmanni. Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum úr ríkissjóði, hækkar um 100 þús. kr. Ferðakostnaður hækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Til gerðar fræðslumyndar um notkun gúmmibáta lækkar um 25 þús. kr. Kostnaður við útreikninga á stöðugleika nokkurra íslenzkra skipa er nýr liður að upphæð 120 þús. kr. Tekjur hækka um 200 þús. kr. Rekstrahalli hækkar um 181 þús. kr.

III. *Stýrimannaskólinn*. Stundakennsla og prófkostnaður hækkar um 209 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 35 þús. kr. Til námskeiða utan Reykjavíkur hækkar um 30 þús. kr.

IV. *Sjómannaskólahúsið*. Annar kostnaður hækkar um 294 þús. kr. Tekjur hækka á móti og eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

V. *Til matsveina- og veitingaþjónaskóla*. Stundakennsla hækkar um 70 þús. kr. Áhaldakaup hækka um 30 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 41 þús. kr.

VI. *Til landmælinga*. Prentun landabréfa hækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Til kaupa á útteikningartæki er nýr liður að upphæð 100 þús. kr.

VII. *Til sjómælinga og sjókortagerðar*:

1. *Sjómælingar*. Mælingavinna hækkar um 50 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

2. *Sjókortagerð*. Efni hækkar um 10 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr. Tekjur hækka um 30 þús. kr.

X. *Til ferðamálasjóðs* hækkar um 500 þús. kr.

XII. *Til gisti- og veitingastaðaeftirlits samkvæmt lögum nr. 53/1963* hækkar um 148 þús. kr.

#### Um 14. gr. A.

I. a. *Háskólinn*. Hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs er alls 2307 þús. kr. Gert er ráð fyrir launum 1 nýs prófessors við læknadeild, eins nýs lektors og bókara á skrifstofu skólans til viðbótar. Til risnu rektors og deildarforseta hækkar um 9 þús. kr. Til tannlækningastofu hækkar um 250 þús. kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar og tækjakaupa. Til kennslu í lyfjafræði lyfsala hækkar um 50 þús. kr. vegna aukinnar kennslu. Til rannsóknarstofu í lífeðlisfræði, 10 þús. kr., fellur niður. Til stundakennslu hækkar um 201 þús. kr. vegna breyttra kennsluhátta, einkum í verkfræði- og viðskiptadeild. Til námskeiða og heimsókna erlendra vísindamanna hækkar um 25 þús. kr. Prófkostnaður hækkar um 60 þús. kr., einkum vegna hækkaðra launa prófdómenda. Til stúdentaskipta hækkar um 30 þús. kr. Til bókakaupa hækkar um 150 þús. kr. Ýmis útgjöld hækka um 200 þús. kr., m. a. vegna þess, að áformað er að gefa út tvær árbækur eldri ára í stað einnar nú. Rannsóknarstofa í lyfjafræði lyf-

sala hækkar um 5 þús. kr. Til félagsstarfsemi stúdentna hækkar um 40 þús. kr. og til rannsóknarstofu í efnafræði hækkar um 10 þús. kr. Til útgáfu kennslubóka er nýr liður að upphæð 250 þús. kr. Skortur á kennslubókum, sérstaklega ýmsum þeim, sem kenndar eru í laga-, viðskipta- og verkfræðideild skólans, er alvarlegt vandamál. Er því gerð tillaga um þennan lið. Stofnkostnaður lífeðlisfræðideildar við læknadeild er nýr liður að upphæð 500 þús. kr.

b. *Tilraunastofa Háskólans á Keldum*. Laun hækka um 440 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar fyrir yfirstandandi ár. Annar kostnaður lækkar um 7 þús. kr. og tekjur hækka um 433 þús. kr. Rekstrarhalli er hinn sami og áður.

c. *Til eðlisfræðirannsóknna* hækkar um 154 þús. kr.

d. *Til norðurljósarannsóknna* er nýr liður að upphæð 200 þús. kr. Íslenzkir vísindamenn hafa um skeið rannsakað norðurljós og skyld fyrirbæri að nokkru í samvinnu við erlenda starfsbræður. Vísindasjóður hefur veitt 250 þús. kr. styrk á þessu ári til rannsóknanna og mun væntanlega einnig veita fjárhagslegan stuðning á næsta ári. Þar sem lega Íslands er einstaklega heppileg með tilliti til þessara rannsókna og mikilsvert er, að Íslendingar taki þátt í þeim, er gerð tillaga um þetta framlag.

II. *Handritastofnun Íslands* hækkar um 75 þús. kr. vegna hækkaðra launa og rannsóknarstyrkja.

IV. *Fræðslumálastjóraembættið* hækkar um 53 þús. kr. Er tekin upp nánari sundurliðun á öðrum kostnaði en verið hefur.

V. *Menntaskólinn í Reykjavík* hækkar alls um 3139 þús. kr. Starfsmannafjöldi skólans er óbreyttur, en stöðu bókara er breytt í fulltrúastarf. Stundakennsla hækkar um 2811 þús. kr., bæði vegna of lágrar áætlunar fyrir yfirstandandi ár og svo hins, að bekkjardeildum fjölgar. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 300 þús. kr., styrkur til bókasafns skólans hækkar um 14 þús. kr. og prófkostnaður um 105 þús. kr. vegna fjölgunar nemenda og hækkaðra launa prófdómenda. Til kennsluáhalda hækkar um 50 þús. kr. vegna kaupa á tækjum í hið nýja viðbótarhúsnæði skólans. Til brunavarna lækkar um 25 þús. kr.

VI. *Menntaskólinn á Akureyri* hækkar um 481 þús. kr. Fastir kennarar verða tveimur fleiri en nú. Stundakennsla hækkar um 297 þús. kr. vegna fjölgunar nemenda og of lágrar áætlunar yfirstandandi árs. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 135 þús. kr., einkum vegna hækkaðs ræstingarkostnaðar. Viðhald húsa og áhalda lækkar um 350 þús. kr., námsstyrkir hækka um 10 þús. kr. og námsferðir um 2 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 23 þús. kr.

VII. *Menntaskólinn á Laugarvatni* hækkar um 243 þús. kr. Stundakennsla hækkar um 75 þús. kr. Húsnæði, ljós, hiti og ræsting hækkar um 50 þús. kr. Prófkostnaður hækkar um 14 þús. kr., námsstyrkir hækka um 3 þús. kr. og námsferðir um 2 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr. og viðhaldskostnaður um 30 þús. kr.

VIII. *Kennaraskólinn* hækkar alls um 1228 þús. kr. Gert er ráð fyrir launum átta nýrra fastra kennara og stundakennsla hækkar um 375 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar fyrir yfirstandandi ár. Prófkostnaður hækkar um 60 þús. kr. vegna fjölgunar nemenda og hækkaðra launa prófdómenda. Hiti, ljós, og ræsting lækkar um 40 þús. kr. Bækur og áhöld hækka um 23 þús. kr. Námsstyrkir hækka um 5 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr. Liðurinn húsnæði utan skólans, 140 þús. kr., fellur niður, en gerð er tillaga um nýjan lið: Kostnað við skólastjórn 20 þús. kr.

2. *Handiðadeild Kennaraskólans*. Stundakennsla hækkar um 17 þús. kr.

XI. *Tækniskólinn* er nýr liður að upphæð 2702 þús. kr. Með lögum nr. 25/1963 var veitt heimild til að stofna í Reykjavík Tækniskóla Íslands, er veita skyldi nemendum tæknilega og almenna menntun, sem gerði þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Í 14. gr. A XI núgildandi fjárlaga er veitt framlag til undirbúnings tæknináms

að upphæð 370 þús. kr., en þessi liður fellur nú niður. Þess í stað er lagt til, að teknir verði upp þessir liðir vegna Tækniskólans: Kostnaður við undirbúning að stofnun skólans 250 þús. kr., rekstrarkostnaður undirbúningsdeildar í Reykjavík frá 15. sept. til 31. des. 1964 663 þús. kr., rekstrarkostnaður undirbúningsdeildar á Akureyri frá 15. sept. til 31. des. 1964 176 þús. kr., rekstrarkostnaður skólans árið 1965 1173 þús. kr., rekstrarkostnaður undirbúningsdeildar á Akureyri árið 1965 440 þús. kr.

X. *Vélskólinn*. Stundakennsla lækkar um 58 þús. kr., til verklegrar kennslu hækkar um 5 þús. kr., til áhaldakaupa hækkar um 10 þús. kr., og hiti, ljós og ræsting hækkar um 70 þús. kr.

#### XI. *Iðnfræðsla*.

1. *Iðnskólinn í Reykjavík* Laun hækka um 555 þús. kr. vegna launa fjögurra nýrra kennara og launahækkana nokkurra annarra. Stundakennsla hækkar um 100 þús. kr. vegna fjölgunar bekkjadeilda. Annar kostnaður hækkar um 447 þús. kr., einkum vegna aukins viðhaldskostnaðar.

2. *Til iðnskóla utan Reykjavíkur*. Gert er ráð fyrir launum eins nýs kennara, stundakennsla hækkar um 248 þús. kr. vegna fjölgunar deilda og nýrra námskeiða. Annar kostnaður hækkar um 546 þús. kr., m. a. vegna stofnunar járn-iðnaðardeildar við Iðnskóla Akureyrar og umfangsmeiri starfsemi.

3. *Til listiðnaðardeildar Handiðaskólans*. Stundakennsla hækkar um 63 þús. kr. vegna fjölgunar nemenda. Annar kostnaður hækkar um 167 þús. kr. vegna aukins húsnæðis og aukinnar starfsemi.

XII. *Almenn barnafræðsla*. Framlög til barnafræðslu hækka um 18903 þús. kr. frá fjárlögum 1964. Laun hækka m. a. vegna launa 27 nýrra kennara, breytts starfstíma og skólatilhögunar. Stundakennsla og umsjón hækkar vegna fjölgunar bekkjadeilda um 1497 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 5126 þús. kr. Laun vegna tví- og þrískipunar í barnaskólum hækka um 170 þús. kr. Laun ráðskvenna hækka um 713 þús. kr. Framlög til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækka um 9765 þús. kr. Gjöld samkvæmt 29. og 40. gr. laga um almannatryggingar hækka um 300 þús. kr.

XIII. *Gagnfræðamenntun*. Framlög til gagnfræðamenntunar hækka alls um 19 752 þús. kr. Kennurum fjölga um tuttugu og þrjá og hækka laun um 5535 þús. kr. m. a. af þeim sökum. Stundakennsla, umsjón og tví- og þrískipun í skóla-húsnæði hækkar um 1631 þús. kr. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 4824 þús. kr. Laun hjúkrunarkonu við skólana á Laugarvatni hækka um 35 þús. kr. Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla hækkar um 7616 þús. kr. Gjöld samkv. 29. og 40. gr. laga um almannatryggingar hækka um 100 þús. kr. Kostnaður við miðskólapróf í bóknámsdeild hækkar um 25 þús. kr.

#### XVII. *Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum*.

1. *Húsmæðrakennaraskólinn*. Viðhaldskostnaður hækkar um 33 þús. kr. Æfingakennsla hækkar um 15 þús. kr. Gerðar eru tillögur um tvo nýja liði: Námsdvöl að Laugarvatni 50 þús. kr. og námsbækur 3500 kr.

2.—5. *Húsmæðraskólar í kaupstöðum*. Laun hækka um 157 þús. kr. vegna breytts starfstíma og aldurshækkana. Stundakennsla hækkar um 165 þús. kr. og annar kostnaður um 126 þús. kr.

XVIII. *Hjúkrunarskóli Íslands*. Gert er ráð fyrir launum nýrrar saumakonu og starfsstúlku. Fæðiskostnaður hækkar um 45 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 25 þús. kr. Gerð er tillaga um nýjan lið: Til að semja eða þýða kennslubækur, 50 þús. kr.

#### XIX. *Til íþróttamála*.

1. *Til Íþróttakennaraskóla Íslands*. Prófkostnaður hækkar um 1 þús. kr. Ræsting, ljós og hiti hækkar um 40 þús. kr. Lagning íþróttavalla hækkar um 200 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 14 þús. kr. Tekjur hækka um 2500 kr.



*Til Íþróttasambands Íslands, byggingarstyrkur. Liðurinn fellur niður.*  
*Laun Ólafs Pálssonar til eftirlits með sundkennslu og prófdómarastarfs. Liðurinn fellur niður.*

*Til Íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar hækkar um 31 þús. kr.*

*Til ferðakennslu í íþróttum hækkar um 60 þús. kr.*

*Til Ólympíunefndar Íslands vegna Ólympíuleikanna 1964 lækkar um 100 þús. kr.*

*Til Handknattleikssambands Íslands vegna Norðurlandamóts í útihandknattleik kvenna. Liðurinn fellur niður.*

*Til Frjálsíþróttasambands Íslands vegna kostnaðar við landskeppni á árinu 1963. Liðurinn fellur niður.*

XX. *Til kennslu heyrnar- og málleysingja. Kennarar verða einum fleiri en áður og hækka laun þess vegna um 136 þús. kr. Fæðiskostnaður hækkar um 125 þús. kr. Kaup starfsstúlkna hækkar um 80 þús. kr. vegna launa einnar nýrrar starfsstúlkna. Til áhaldakaupa lækkar um 115 þús. kr. Námsferðir hækka um 1 þús. kr. Styrkur til bókasafns hækkar um 1 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr. Stundakennsla lækkar um 44 þús. kr.*

XXII. *Kostnaður við barnaverndarráð hækkar um 20 þús. kr.*

XXXI. *Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn. Laun hækka um 85 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 168 þús. kr.*

XXXIII. *Til Jöklarannsóknafélags Íslands, enda annist það jöklamælingar, hækkar um 20 þús. kr.*

XXXIV. *Til styrktar erlendum námsmönnum í íslenskum skólum hækkar um 150 þús. kr.*

*Til Skáksambands Íslands vegna alþjóðlegs skákmóts í Reykjavík. Liðurinn fellur niður.*

*Til íslenzkunámskeiðs fyrir norska menntaskólakennara. Liðurinn fellur niður.*

XXXVI. *Til lektora í íslenzku við erlenda háskóla hækkar um 82 þús. kr.*

XXXIX. *Námsstjórnar barna-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.*

b. *Fræðslustjórinn í Reykjavík. Annar kostnaður hækkar um 80 þús. kr.*

XL. *Endurskoðun skólakostnaðar. Gert er ráð fyrir launum eins nýs fulltrúa Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.*

XLII. *Til ríkisútgáfu námsbóka hækkar um 450 þús. kr. vegna aukins prentunarkostnaðar og hækkunar flestra kostnaðarliða.*

XLIII. *Til upptökuheimilisins í Elliðahvanni lækkar um 65 þús. kr.*

XLIV. *Til eftirlits með skólabyggingum. Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.*

*Framlag til lækkunar á skuldum stúdentagráðanna. Liðurinn fellur niður.*

XLVII. *Styrkur til byggingar félagsheimilis fyrir stúdenta við Háskóla Íslands hækkar um 500 þús. kr.*

#### Um 14. gr. B.

I. *Landsbókasafnið hækkar um alls 919 þús. kr. Áætluð eru laun tveggja nýrra starfsmanna, viðgerðarsérfræðings og umsjónarmanns með myndagerð, og hækkar launaliðurinn m. a. af því um 404 þús. kr. Til bóka-, tímarita- og handritakaupa og til bókbands, hækkar um 400 þús. kr. Til árbókar hækkar um 10 þús. kr. Til samningar og prentunar íslenzkrar bókaskrár hækkar um 75 þús. kr. Til að gera mikrofílmur af handritum hækkar um 5 þús. kr. og ýmisleg gjöld hækka um 25 þús. kr.*

II. *Þjóðskjalasafnið hækkar um 61 þús. kr. Laun hækka um 46 þús. kr., m. a. sakir þess, að staða ritara verður bókarastaða. Til bókbands, bóka- og handritakaupa og til umbúnaðar skjala lækkar um 10 þús. kr. Til æviskrárritunar hækkar um 5 þús. kr. Ýmisleg gjöld hækka um 15 þús. kr. Til afritunar á manntölum hækkar um 5 þús. kr.*

III. *Þjóðminjasafnið* hækkar um 361 þús. kr. Laun hækka um 6 þús. kr. Til aðstoðar o. fl. hækkar um 110 þús. kr. Til rannsókna og ferðalaga hækkar um 10 þús. kr. Til viðhalds gamalla bygginga hækkar um 215 þús. kr. sakir brýnna þarfa fyrir aukið viðhald. Í ráði er m. a. að framkvæma aðalviðgerð á Viðeyjar-kirkju og Staðarkirkju. Til rekstrar og viðhalds húss og lóðar hækkar um 20 þús. kr.

V. *Listasafn Íslands*. Gerð er tillaga um nýjan lið, þóknun safnráðs, 86 þús. kr. Til útgáfu myndaskrár, 50 þús. kr., fellur niður Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

VI. *Fræðslumyndasafn*. Laun hækka um 5 þús. kr. Til kaupa, endurgerðar og framleiðslu á íslenzkum kvikmyndum er nýr liður að upphæð 250 þús. kr., sem kemur í stað liðarins kvikmyndagerð, kvikmyndakaup og kyrrmyndagerð að sömu fjárhæð. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 28 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 4 þús. kr.

VII. *Náttúrugripasafnið*. Laun hækka um 5 þús. kr. Til kaupa á náttúrugripum o. fl. hækkar um 25 þús. kr. Til rannsókna og ferðakostnaðar hækkar um 25 þús. kr. Til fuglamerkinga hækkar um 2 þús. kr. Til teiknunar og útgáfu jarðfræðikorts af Íslandi er nýr liður, 60 þús. kr. Hiti, ljós, ræsting og önnur gjöld hækka um 25 þús. kr.

VIII. *Til náttúrugripasafns Akureyrar* hækkar um 20 þús. kr.

X. *Til náttúruverndarráðs samkv. lögum* hækkar um 135 þús. kr., m. a. vegna brýnna þarfa til að láta gera og setja upp merki til auðkenningar á friðuðum stöðum.

XII. *Safnahúsið*. Til viðhalds, áhalda og ræstingar hækkar um 18 þús. kr. Ýmis gjöld hækka um 13 þús. kr.

XIII. *Framlag til bókasafna samkvæmt lögum nr. 22/1963 um almenningsbókasöfn*.

1. Til bæjar- og héraðsbókasafna hækkar um 137 þús. kr.

2. Til sveitabókasafna og lestrarfélaga hækkar um 50 þús. kr.

XIV. *Styrkir til bókaútgáfu o. fl.*

3. Til Fornleifafélagsins hækkar um 15 þús. kr.

12. Til Vísindafélags Íslendinga hækkar um 70 þús. kr. vegna aukins kostnaðar af útgáfustarfsemi.

23. Til orðabókar Háskólans. Áætluð er 346 þús. kr. hækkun á liðnum, en auk þess er uppsetningu hans breytt. Hækkunin stafar einkum af launahækkunum á miðju s. l. ári, sem ekki er gert ráð fyrir í núgildandi fjárlögum. Framlag Sáttmálasjóðs er áætlað óbreytt.

26. *Til Norræna félagsins* hækkar um 50 þús. kr.

28. Til stúdentaráðs Háskóla Íslands hækkar um 25 þús. kr.

49. Til tímaritsins Flóru 10 þús. kr. er nýr liður.

XV. *Til skálda, rithöfunda og listamanna* hækkar um 100 þús. kr. Jafnframt er lagt til, að Jóhannes S. Kjarval, Páll Ísólfsón og Tómas Guðmundsson njóti 75 þús. kr. heiðurslauna hver.

*Til rithöfundasjóðs Kelvin Lindemanns*, 2500 kr., fellur niður.

XIX. *Styrkur til Myndlistaskólans í Reykjavík* hækkar um 25 þús. kr.

*Til dr. Sigurðar Jónssonar til rannsókna á sjávargróðri við strendur Íslands*, 50 þús. kr., fellur niður.

XXXVIII. *Til Árna Björnssonar tónskálds* hækkar um 10 þús. kr.

XLII. *Til leiklistarstarfsemi* hækkar um 340 þús. kr.

XLIV. *Til tónlistarstarfsemi, enda sé skilað starfsskýrslu til menntamálaráðuneytisins*.

1. Til tónlistarskóla samkvæmt lögum hækkar um 200 þús. kr.

13. Til Musica Nova hækkar um 65 þús. kr.

14. Til söngsveitarinnar Filharmoníu er nýr liður að upphæð kr. 20 þús.

15. Til Pólyfónkórsins 20 þús. kr., er nýr liður.

LXXII. *Til listasafns Einars Jónssonar*. Til ljósa og hitunar hækkar um 14 þús. kr.

LXXIII. *Til vörzlu og sýningar listaverkagjafar Ásgrims Jónssonar* hækkar um 24 þús. kr.

LXXIV. *Til eflingar menningarsambands við Vestur-Íslendinga*.

a. Námsstyrkur hækkar um 7 þús. kr.

*Til minningartöflu* í Skor um Eggert Ólafsson, 15 þús. kr. Liðurinn fellur niður.

*Til Zontaklúbbs Akureyrar vegna lóðarkaupa*, 50 þús. kr., fellur niður.

*Til norræns móts laganema og lögfræðinga* sumarið 1964, 100 þús. kr., fellur niður.

XC. *Til Sigurveigar Hjaltsted* 8 þús. kr. er nýr liður.

XCI. *Til Jóhanns Sveinssonar frá Flögu* er nýr liður að upphæð 8 þús. kr.

XCII. *Til Steingerðar Guðmundsdóttur*, 8 þús. kr., er nýr liður.

XCIV. *Til Geysismynda h/f vegna töku Íslandskvikmyndar*, 300 þús. kr., er nýr liður. Kvikmyndatökufélagið Geysismyndir h/f hefur látið gera vandaða 35 mm cinemascopelítkvikmynd af Íslandi og íslenzku þjóðlífi, sem kosta mun um 1200 þús. kr. Gerðir hafa verið samningar um sýningu myndarinnar í kvikmyndahúsum og sjónvarpi víðs vegar um heim og má telja víst, að milljónir manna muni sjá hana. Sakir mikils landkynningargildis myndarinnar er gerð tillaga um þennan styrk til félagsins.

XCv. *Til Iceland Review* er nýr liður að upphæð 50 þús. kr. Á s. l. ári var hafin útgáfa tímarits á ensku til kynningar á íslenzkum málefnum erlendis, sem heitir Iceland Review. Þar sem hér er um að ræða myndarlegt og vandað rit, er gerð tillaga um styrk til þess.

XCVI. *Til Sambands íslenzkra barnakennara til menningar- og félagsstarfsemi* er nýr liður að upphæð 100 þús. kr. Samband íslenzkra barnakennara hefur ákveðið að koma upp safni bóka og tímarita um kennslu og uppeldismál, og safni kennslubóka og kennsluáhalda til afnota fyrir kennara. Enn fremur hefur verið ákveðið að auka verulega útgáfustarfsemi sambandsins. Er því gerð tillaga um fyrrgreindan styrk til þessarar starfsemi.

XCvII. *Til Kanadasjóðs*, 33 þús. kr., er nýr liður. Kanadasjóður var stofnaður af ríkisstjórn Kanada í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis Íslendinga. Stofnfé hans, 25000 kanadískir dollarar, var afhent íslenzkum stjórnarvöldum og hefur verið ávaxtað hér. Tilgangur sjóðsins er að styrkja íslenzka náms- og fræðimenn til háskólanáms í Kanada. Eign sjóðsins hefur rýrnað á umliðnum árum og til að hægt sé að halda í horfinu um styrkveitingar er lagt til, að sjóðnum sé veitt þetta framlag.

XCvIII. *Til menntastofnunar Bandaríkjana á Íslandi* (Fulbrightstofnunarinnar) er nýr liður, að upphæð 100 þús. kr. Í 8. gr. samnings, sem gerður var 13. febrúar s. l. milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkja Ameríku, um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarskiptum, er gert ráð fyrir framlagi af hálfu Íslands til þessarar starfsemi. Er því gerð tillaga um þennan lið.

XCIX. *Til greiðslu kostnaðar við flutning tveggja gamalla húsa að Árbæ* er nýr liður, að upphæð 400 þús. kr. Hér er um að ræða 2 gömul hús, er ríkisstjórnin hefur ákveðið að gefa Árbæjarsafni, en þau eru Bernhöftsbakarí og Gunnlögssenshús eða Smithshús, sem standa sunnan Bankastrætis á lóð þeirri, er fyrirhugað er að reisa á stjórnarráðshús.

Um 15. gr.

I. *Biskupsembættið*. Risna hækkar um 15 þús. kr. og skrifstofukostnaður um 39 þús. kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta*. Fjölgað er um tvo presta á launaskrá. *Embættiskostnaður presta* hækkar um 500 þús. kr., einkum vegna hækkaðs ferða-

kostnaðar. *Viðbót við eftirlaun þau, er uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkv. lögum* hækkar um 35 þús. kr. *Til greiðslu á embættishúningi presta* hækkar um 60 þús. kr.

III. *Til íslenzks prests í Danmörku* er nýr liður, að upphæð 495 þús. kr. Þar af er kostnaður þessa árs 195 þús. Samkv. tillögu biskups var ákveðið á s. l. sumri að stofna í Danmörku embætti íslenzks prest, sem á að annast prestlega þjónustu við Íslendinga, sem dvelja á Norðurlöndum.

VII. *Kostnaður við kirkjuráð* hækkar um 10 þús. kr.

XIV. *Til kristilegrar æskulýðsstarfsemi* hækkar um 35 þús. kr.

XXI. *Kostnaður við ársfund framkvæmdanefndar Lútherska heimssambandsins* er nýr liður að upphæð 173 þús. kr. Liðurinn *Kostnaður við kirkjuþing*, sem var 175 þús. kr., fellur niður.

XXV. *Kostnaður við Skálholtshátíð* er 100 þús. kr. eða 625 þús. kr. lægri en á þessu ári, Hér er um að ræða eftirstöðvar kostnaðar við hátíð þá, sem haldin var sumarið 1963 í tilefni af vígslu Skálholtskirkju.

XXVI. *Eftirstöðvar af byggingarkostnaði Skálholtskirkju*, 700 þús. kr., er loka-greiðsla byggingarkostnaðarins.

#### Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands* hækkar um 1 millj. kr., aðallega sökum flutnings í nýtt húsnæði.

2. *Til sama, til kynnisferða bænda* hækkar um 30 þús. kr.

3. *Til greiðslu á kostnaði af starfi veiðistjóra* hækkar um 60 þús. kr. Laun eru nú tilgreind sérstaklega.

4. *Til búreikningaskrifstofu* hækkar um 3 þús. kr. Áætluð laun eru nú tilgreind sérstaklega.

5. *Gjöld samkv. jarðræktarlögum:*

Liður þessi hækkar verulega og af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi breytast fjárhæðir vegna aukinna framkvæmda. Í öðru lagi kemur til sérstakt samkomulag ríkisstjórnarinnar við fulltrúa bænda í sexmannanefnd til að greiða fyrir samkomulagi um verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða.

Fyrri ástæðan þarfnast ekki skýringa, en um hina síðarnefndu skal eftirfarandi tekið fram:

Fyrirgreint samkomulag er aðallega þriþætt.

Í fyrsta lagi hét ríkisstjórnin að beita sér fyrir breytingu á jarðræktar- og búfjárræktarlögum, og var þar gert ráð fyrir allt að 30% hækkun framlags úr ríkissjóði miðað við framkvæmdir 1963.

Í öðru lagi skyldi varið 5 millj. króna á ári í 5 ár til framlags til að koma upp súgurrkun hjá bændum, þannig, að allt að þriðjungur kostnaðar greiðist.

Í þriðja lagi skyldi varið 5 millj. króna til aðstoðar þeim bændum, sem verst eru settir.

Í samræmi við framanritað eru hækkunarir í frumvarpinu frá fjárlögum síðasta árs sem hér segir:

A. Gjöld vegna I. kafla laganna:

Lögboðinn hluti af kaupum héraðsráðunauta hækkar um 30% eða úr 50% í 65%. Hækkun, sem af þessu leiðir, er kr. 817 þús.

B. Gjöld vegna II. kafla laganna:

a. Jarðræktarframlög hækka um 10440 þús. kr. Kr. 4800 þús. hækkunarinnar er vegna aukinna styrkhæfra framkvæmda. Aukningin á að miklu leyti rætur að rekja til nýs ákvæðis í 1. gr. l. nr. 26/1964, sem kveður á um, að styrkur á plógræsi skuli vera kr. 0.20 pr. m. Hinn hluti hækkunarinnar er vegna fyrirnefnds samkomulags.

b. Til framræslu samkvæmt 11. gr. III hækkar um 5940 þús. kr., þar af eru 1800 þús. kr. vegna aukinnar framræslu, en 4140 þús. kr. vegna samkomulagsins.

- C. Vegna III. kafla laganna.
  - b. Til stjórnar Vélasjóðs hækkar um 100 þús. kr.
  - D. Aukastyrkur til súgþurrkunar er nýr liður að upphæð 5000 þús. kr.
  - 6. *Sérstakt framlag til bænda samkvæmt samkomulagi við bændafultrúa í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða*, 5000 þús. kr., er nýr liður.
- Með samkomulagi því, sem frá er skýrt í 5. lið, var einnig ákveðið, að varið skyldi árlega næstu fimm ár allt að 5 millj. kr. til aðstoðar þeim bændum, sem verst eru settir, eftir nánari ákvörðun og í samráði við Búnaðarfélag Íslands, landnámsstjóra og stjórn Stéttarsambands bænda.
- 9. *Til verkfæranefndar ríkisins* hækkar um 25 þús. kr.
  - 10. *Til verðlagsnefndar landbúnaðarafurða* hækkar um 75 þús. kr.
  - 11. *Til búfjárræktar samkvæmt lögum:*
- Eftirgreindar hækkanir verða aðallega vegna ofangreinds samkomulags við bændafultrúa í sexmannanefnd:
- a. Nautgriparékt.
    - 1. Almennur styrkur til nautgriparéktarféлага hækkar um 252 þús. kr.
    - 2. Til verðlauna hækkar um 28 þús. kr.
  - b. Sauðfjárrækt.
    - 1. Styrkur til sauðfjárkynbótabúa óbreyttur.
    - 2. Styrkur til sauðfjárræktarféлага hækkar um 117 þús. kr.
    - 3. Framlag til verðlauna lækkar um 30 þús. kr.
    - 4. Til afkvæmarannsóknastöðva hækkar um 20 þús. kr.
  - c. Hrossarékt.
    - 1. Styrkur til hrossaréktarsambanda hækkar um 35 þús. kr.
    - 2. Framlag til verðlauna er óbreytt.
    - 3. Framlag til hrossakynbótabús hækkar um 14 þús. kr.
    - 4. Nýr liður, ýmis framlög til hrossaréktar er 55 þús. kr.
  - d. Styrkur til fóðurbirgðaféлага hækkar um 75 þús. kr.
  - e. Framlag til sæðingarstöðva, stofnframlag og hluti launa starfsmanna hækkar um 785 þús. kr.
  - 12. *Framlag til búfjártrygginga* hækkar um 40 þús. kr.
  - 14. *Til jarðræktartilrauna.*
    - a. Rekstrarkostnaður hækkar um 190 þús. kr.
    - d. Til útgáfustarfsemi hækkar um 20 þús. kr.
  - 15. *Framlag samkvæmt lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum:*
    - a. Samkvæmt 27. gr. til landnáms hækkar um 2350 þús. kr., sbr. ákv. 2. gr. 1. nr. 31/1964, sem kveður á um, að ríkissjóður greiði minnst 9.5 millj. kr. árlega til að undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðahverfi í sveitum, nýbýli einstaklinga utan byggðahverfa eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kauptún og kaupstaði.
    - d. Samkvæmt 48. gr. til íbúðarhúsa á nýbýlum hækkar um 400 þús. kr., sbr. ákv. 2. mgr. 5. gr. 1. nr. 31/1964.
    - e. Samkvæmt 64. gr. til ræktunar og framkvæmda, sbr. 60. og 63. gr., hækkar um 10125 þús. kr., sbr. 7. gr., sbr. 9. gr. 1. nr. 31/1964.
- Með þessum ákvæðum laga nr. 31/1964 er veitt sérstakt óafturkræft framlag til nýræktaðs lands jarða, sem hafa minna tún en 25 ha, og tekið verður út árið 1965 og síðar. Sambærilegt framlag miðast nú við 15 ha.
- 22. *Til sandgræðslu.*
    - b. Til sandgræðslustöðva hækkar um 500 þús. kr.
    - c. Til nýrra sandgræðslugirðinga hækkar um 500 þús. kr.
    - d. Skrifstofukostnaður hækkar um 5 þús. kr.
    - e. Til sandgræðslutilrauna hækkar um 20 þús. kr.
    - g. Til að gera tilraunir með áburðardreifingu úr flugvél hækkar um 200 þús. kr.

h. Ýmis gjöld hækka um 40 þús. kr.

24. *Til skógræktar* hækkar alls um 1845 þús. kr. Laun hækka um 90 þús. kr. vegna tilfærslu starfsmanna milli launaflokka. Skrifstofukostnaður hækkar um 30 þús. kr., til skóggræðslu hækkar um 305 þús. kr., til plöntuuppeldis hækkar um 370 þús. kr. og til skjólbelta um 25 þús. kr. Til skóggræðslu á jörðum einstaklinga hækkar um 50 þús. kr. Vextir og afborganir af skuldum lækka um 5 þús. kr. Til tilrauna hækkar um 260 þús. kr. og til skógræktarfélaga um 200 þús. kr. Fjárfestingarliðir, 520 þús. kr., er nýtt framlag.

Framangreindar hækkanir á framlögum til skógræktar eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að framkvæma áætlun þá, sem gerð var 1961, um að gróðursetja árlega eina og hálf milljón plantna.

26. *Veiðimálaskrifstofan.*

a. Laun hækka vegna launa nýs starfsmanns.

c. Annar kostnaður lækkar um 80 þús. kr.

d. Kostnaður við eldistilraunir hækkar um 16 þús. kr.

27. *Kostnaður við veiðimálanefnd og veiðieftirlit og styrkir til fiskræktar* hækkar um 100 þús. kr., vegna skuldbindinga ríkisins um styrki til fiskvega-gerðar skv. lögum.

28. *Kostnaður vegna eyðingar refa og minka samkv. lögum nr. 52/1957* hækkar um 1 millj. kr. Alþingi samþykkti á s. l. vetri verulega hækkun verðlauna fyrir unnin dýr.

29. *Til dýralækna.* Gert er ráð fyrir launum tveggja nýrra dýralækna umfram það, sem nú er. Skrifstofukostnaður yfirdýralækna hækkar um 8 þús. kr. Sóttvarnaraðgerðir og ferðakostnaður héraðsdýralækna hækka um 11 þús. kr.

32. *Kostnaður við berklapróf í nautgripum* hækkar um 5 þús. kr.

33. *Kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir:*

a. Sauðfjársjúkdómanefnd hækkar um 38 þús. kr.

b. Bætur vegna fjárfögunar, uppeldisstyrkur og aðrar bætur og styrkir hækka um 3100 þús. kr., m. a. vegna fjárskipta í Dalasýslu.

d. Kostnaður við vörzlu hækkar um kr. 400 þús., einkum vegna launa-hækkana.

e. Viðhald girðinga hækkar um 200 þús. kr.

f. Til rannsókna á garnaveiki og mæðiveiki hækkar um kr. 650 þús.

g. Aukafjárveiting við gerð Dalagirðingar o. fl. er nýr liður, að upphæð 1800 þús. kr., vegna hluta af umframkostnaði ársins 1963 við gerð Dalagirðingar, flutning á fjárskiptafé og auknar rannsóknir.

h. Flutningskostnaður líflamba haustið 1965 er nýr liður að upphæð kr. 40 þús.

j. Verðhækkun á líflömbum frá hausti 1963 til hausts 1964 er nýr liður að upphæð 1320 þús. kr.

34. *Til norræna búfræðifélagsins* hækkar um 25 þús. kr. vegna aukinnar þátttöku í norrænni samvinnu við rannsóknarstörf í landbúnaði.

39. *Til ráðningarstofu landbúnaðarins* hækkar um kr. 110 þús.

40. *Búnaðarkennsla:*

a. *Bændaskólinn á Hólum.* Stundakennsla hækkar um kr. 20 þús. Til verklegs náms hækkar um kr. 10 þús. Hiti, ljós og ræsting hækkar um kr. 50 þús. Verkfærakaup hækkar um kr. 50 þús. Til tilrauna hækkar um 35 þús. kr. Til viðhalds og endurbóta er liður að upphæð 500 þús. kr., sem kemur í stað tveggja sambærilegra liða, sem nú eru að upphæð 1.6 millj. króna. Til kennsluáhalda hækkar um kr. 5 þús. Til bókasafns hækkar um kr. 5 þús. Annar kostnaður hækkar um kr. 20 þús.

b. *Bændaskólinn á Hvanneyri.* Stundakennsla hækkar um kr. 33 þús. Til tilrauna hækkar um kr. 100 þús. Viðhald skólahúsa hækkar um kr. 35 þús. Til kennsluáhalda hækkar um kr. 10 þús. Til framhaldsdeildar hækkar um kr. 60 þús. Til undir-

búnings framhaldsnáms hækkar um kr. 5 þús. Til bókasafns hækkar um kr. 5 þús. Til kaupa á áhöldum er nýr liður að upphæð kr. 50 þús. Niður fellur liðurinn: Kostnaður vegna 75 ára afmælis skólans, 50 þús. kr.

c. *Garðyrkjuskólinn á Reykjum*. Hiti, ljós og ræsting hækkar um kr. 15 þús. Viðhald skólahúsa hækkar um kr. 50 þús. Til garðyrkjutilrauna og leiðbeiningarstarfsemi hækkar um 70 þús. kr. Vextir og afborgun af skuld er nýr liður að upphæð kr. 42 þús. Annar kostnaður hækkar um kr. 10 þús.

41. *Húsmæðraskólar utan kaupstaða*. Stundakennsla og umsjón hækkar um 146 þús. kr. Viðhald og annar kostnaður lækkar um 316 þús. kr.

46. *Mat á landbúnaðarafurðum*:

c. Ferðakostnaður hækkar um kr. 10 þús.

47. *Til landþurrkunar í Austur-Landeyjum* lækkar um kr. 40 þús.

48. *Til landþurrkunar í Vestur-Landeyjum* hækkar um kr. 40 þús.

49. *Til landþurrkunar í Rangárvallahreppi neðan Þverár*. Liðurinn fellur niður.

50. *Til byggingar varnargarðs vegna hættu á Kötlugosi og jökulhlaupi í sambandi við það* er nýr liður að upphæð 900 þús. kr.

#### Um 16. gr. B.

2. *Til námskeiða í meðferð fiskileitartækja* hækkar um 45 þús. kr.

4. *Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins* hækkar um 45 þús. kr.

5. *Til haf- og fiskirannsóknna* hækkar um 250 þús. kr., einkum vegna hækkunar á leigu fyrir skip til rannsóknanna.

7. *Til fiskleitara, sildarrannsóknna og veiðutilrauna* hækkar um 8595 þús. kr. Áætlað er að nota hluta af hækkuninni, þ. e. 1275 þús. kr., til greiðslu á auknum tilkostnaði við síldarleit, sem stunduð verður með svipuðum hætti og áður. Hinum hluta hækkunarinnar, þ. e. 7320 þús. kr., er gert ráð fyrir að verja til greiðslu kostnaður af rekstri b/v Þorsteins Þorskabíts, sem notaður verður til nýrrar almennrar fiskleitar. Hefur verið notuð heimild í 2. gr. l. nr. 1/1964 til að verja 4 millj. króna á þessu ári til hennar.

8. *Til aflatryggingasjóðs* hækkar um 7.5 millj. kr. Hluti af hækkuninni, 2.5 millj. króna, er til að greiða stofnframlag ríkissjóðs í togaradeild aflatryggingasjóðs.

10. *Til fiskveiðasjóðs Íslands samkv. 3. gr. laga nr. 1/1964* er nýr liður, að upphæð 36.1 millj. króna. Með ákv. laga nr. 1/1964 var útflutningsgjald af nokkrum tegundum sjávarafurða lækkað og skiptingu tekna af gjaldinu breytt þannig, að tekjur Fiskveiðasjóðs af gjaldinu lækkuðu um helming. Í 4. gr. sömu laga er svo fyrir mælt, að greiða skuli Fiskveiðasjóði þetta teknatap úr ríkissjóði og er tillagan í samræmi við áætlun um þetta efni.

11. *Kostnaður við mat á sjávarafurðum*:

a. *Fiskmat*. Skrifstofukostnaður hækkar um 70 þús. kr. Ferðakostnaður hækkar um 158 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 38 þús. kr.

b. *Sildarmat*. Tímakaup matsmanna hækkar um 271 þús. kr. Annar kostnaður um 15 þús. kr.

c. *Ferðakostnaður matsmanna* hækkar um 173 þús. kr.

12. *Til að leita að humar- og rækjumiðum* hækkar um 200 þús. kr.

13. *Til eftirlits með hvalvinnslustöðvum* er nýr liður að upphæð 11 þús. kr.

14. *Til Aflatryggingasjóðs til styrktar útgerð togara eftir reglum, sem sjávarútvegsráðgjafi hefur settur, sbr. 1. mgr. 2. gr. l. nr. 1/1964*, er nýr liður að upphæð 40 millj. kr. Með fyrrnefndu lagaákvæði var ákveðið, að ríkissjóður greiddi Aflatryggingasjóði á yfirstandandi ári 51 millj. kr. til útgerðar togara. Þar sem 7 færri togarar hafa haft eðlilegt úthald það sem af er þessu ári heldur en s. l. ár, er framlag þetta áætlað 11 millj. kr. lægra á næsta ári.

Um 16. gr. C.

1. *Til Landssambands iðnaðarmanna* hækkar um 50 þús. kr.
2. *Til Iðnaðarmálastofnunar Íslands* hækkar um 203 þús. kr., einkum vegna hækkaðs húsnæðiskostnaðar.
6. *Til iðnráða* hækkar um 20 þús. kr.
7. *Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík* hækkar um 225 þús. kr.
8. *Styrkur til byggingar iðnskóla á Akureyri* hækkar um 430 þús. kr.
- Styrkur til byggingar iðnskóla á Selfossi* fellur niður.
9. *Til framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis* hækkar um 80 þús. kr. vegna fjölgunar námsmanna erlendis.
11. *Öryggiseftirlit ríkisins*. Laun hækka um 106 þús. kr., vegna tilfærslu starfsmanna milli launaflokka. Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, hækkar um 20 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 103 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum eins og áður.  
*Til norræns yrkisskólaþings í Helsingfors sumarið 1964*. Liðurinn fellur niður.
15. *Til þess að standa straum af kostnaði við rannsóknir og undirbúning stóriðju* er nýr liður að upphæð 1.2 millj. kr.

Um 16. gr. D.

- I. *Stjórn raforkumála*. Skrifstofukostnaður hækkar um 40 þús. kr.
- II. *Til undirbúnings rannsókna og áætlana um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir*. Skrifstofukostnaður hækkar um 50 þús. kr. Mælingar og áætlunargerð o. fl. lækkar um 108 þús. kr. Liðurinn „vextir og afborganir“, 500 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum eins og verið hefur.
- III. *Rafmagnsveitur ríkisins*. Sú breyting er gerð frá fjárlögum undanfarið, að tekjur og gjöld eru ekki áætluð jafnhá, heldur er gert ráð fyrir 39.2 millj. kr. halla á rekstrinum. Raunverulega hafa Rafmagnsveiturnar verið reknar með verulegum halla undanfarin ár, en sá halli verið jafnaður með lántökum. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að greiða hann úr ríkissjóði. Rekstrarkostnaður veitna hækkar um 7.5 millj. kr. Aukningar hækka um 34 millj. kr. Kostnaður seldra vara lækkar um 2 millj. kr. Teknamegin hækka rekstrartekjur veitna um 14.5 millj. kr., vörusala lækkar um 2.2 millj. kr., ýmsar tekjur lækka um 300 þús. kr. og lántökur og viðskiptahreyfingar lækka um 12.2 millj. kr.
- IV. *Vatnamælingar* hækka um 180 þús. kr.
- V. *Til virkjanarannsókna í stórám landsins* hækkar um 135 þús. kr.
- VI. *Til leiðbeiningar bændum um raforkumál* hækkar um 80 þús. kr.
- VII. *Rafmagnseftirlit ríkisins*. Skrifstofukostnaður hækkar um 100 þús. kr., ferðakostnaður hækkar um 55 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 623 þús. kr. Tekjur lækka um 440 þús. kr. og eru áætlaðar jafnháar gjöldum eins og verið hefur.
- XI. *Jarðhitadeild*. Skrifstofukostnaður hækkar um 50 þús. kr. Annar rannsóknarkostnaður hækkar um 156 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 150 þús. kr. Áhaldakostnaður lækkar um 1.6 millj. kr. Rekstrarkostnaður jarðbora lækkar um 500 þús. kr. Liðurinn Vextir og afborganir, 1 millj. kr. í fjárlögum nú, fellur niður. Tekjur lækka um 2911 þús. kr. og eru áætlaðar jafnháar gjöldum eins og verið hefur.

Um 16. gr. E.

I. *Atvinnudeild Háskólans:*

Í 9. gr. laga um náttúrurannsóknir nr. 68/1940 er ákvæði um, að stofna megi fleiri sérdeildir við Atvinnudeild Háskólans en þær, sem nefndar eru í lögnum, ef yfirstjórn stofnunarinnar telur það nauðsynlegt og fé er veitt til í fjárlögum. Stjórn Atvinnudeildarinnar hefur nú lagt til, að stofnuð verði sérstök deild til að annast byggingarefnisrannsóknir, en það hefur Iðnaðardeildin gert til þessa. Í samræmi við tillögur stjórnar Atvinnudeildarinnar, er í frumvarpinu gert ráð fyrir



sérstökum framlögum til Byggingardeildar Atvinnudeildarinnar. Verða þá einnig nokkrar breytingar á framlögum til Iðnaðardeildarinnar, en samanlögð framlög til beggja deildanna verða 55 þús. kr. lægri en framlagið til Iðnaðardeildarinnar er nú.

1. *Iðnaðardeild*. Laun lækka um 471 þús. kr., þar sem fjórir starfsmenn deildarinnar munu taka laun hjá Byggingadeildinni framvegis. Til hagnýtra jarðfræðirannsóknna hækkar um 50 þús. kr.

2. *Byggingadeild*. Laun starfsmanna verða 465 þús. kr. Annar kostnaður 300 þús. kr. og tekjur 400 þús. kr.

3. *Fiskideild*. Til viðbótar núverandi starfsliði verður ráðinn einn radio-tæknifræðingur og aðstoðarmaður. Laun hækka um 112 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 300 þús. kr.

4. *Búnaðardeild*. Laun hækka um 52 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 270 þús. kr. Til útgáfu á gróðurkortum er nýr liður að upphæð 125 þús. kr.

j. *Fjárræktarbúið á Hesti*. Laun hækka um 120 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 200 þús. kr. Tekjur hækka um 250 þús. kr.

k. *Tilraunastöðin á Korpúlfsstöðum*. Laun hækka um 90 þús. kr. Annar kostnaður um 50 þús. kr. Tekjur, sem nú eru áætlaðar 30 þús. kr., falla niður.

5. *Sameiginlegur kostnaður*. Laun hækka um 21 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 50 þús. kr. Til endurbóta á efnagreiningarsal, 1 millj. kr., fellur niður. Til kaupa á stimpilklukkum, 50 þús. kr., fellur niður. Annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr.

II. *Til rannsóknarráðs*. Laun hækka um 18 þús. kr. Annar kostnaður um 50 þús. kr. Liðurinn til endurnýjunar bifreiða, 55 þús. kr., fellur niður.

III. *Löggildingarstofan*. Áætluð eru laun fyrir tvo nýja starfsmenn og hækkar launaliðurinn um 182 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 160 þús. kr., einkum vegna tækjakaupa. Tekjur hækka um 340 þús. kr.

IV. *Verzlunarskólar o. fl.* Til Verzlunarskóla Íslands hækkar um 176 þús. kr. vegna fjölgunar nemenda.

*Vegna tæknilegrar aðstoðar*. Liðurinn fellur niður.

V. *Framlag til norrænnar rannsóknarstöðvar í fræðilegum atómvísindum* hækkar um 37 þús. kr.

*Til rannsóknar á ksilgúr úr Mývatni*. Liðurinn fellur niður.

VI. *Til tækninýjunga* lækkar um 25 þús. kr.

Um 17. gr.

I. *Sveitarstjórnarmál*:

1. *Eftirlit með skipulagi bæja og sveitaþorpa*. Laun hækka vegna þess að starfsliði verður fjölgað um verkfræðing og arkitekt. Auk þess verður fjölgað um tvo menn í skipulagsstjórn samkv. nýsamþykktum lögum. Ferðakostnaður og eftirlit hækkar um 10 þús. kr. Mælingakostnaður hækkar um 8 þús. kr. Liðurinn Vegna heildarskipulags Reykjavíkur og nágrennis, að upphæð 1 millj. króna, fellur niður, en tekinn er upp nýr liður Hluttaka ríkissjóðs í kostnaði sveitarfélaga skv. 34. gr. 2. mgr. skipulagslaga, að upphæð 1 millj. kr. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

2. *Til Bjargráðasjóðs Íslands* hækkar um 20 þús. kr. Niður falla eftirtaldir liðir, sem nú eru í fjárlögum:

*Til vatnsöflunar fyrir Grafarbæi í Skagafirði* 30 þús. kr.

*Til vatnsöflunar í Tunguplássi og Hoftúnum* 50 þús. kr.

*Til vatnsöflunar á Arnarstapa á Snæfellsnesi* 35 þús. kr.

4. *Til aðstoðar ríkisins við landakaup kaupstaða og kaupstúna* lækkar um 1 millj. króna.

5. *Til Egilsstaðakaupstúns skv. l. 58/1957* hækkar um 100 þús. kr.

## II. Húsnæðismál:

1. *Húsnæðismálastofnun ríkisins*. Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis hækkar um 6.8 millj. króna. Samkvæmt lögum nr. 56/1962 skal ríkissjóður lána til íbúðabygginga til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis jafnháa fjárhæð og sveitarfélög leggja fram í þessu skyni. Mun óvarlegt að áætla, að minni hækkun dugi til að unnt sé að fullnægja þessari lagaskyldu. Kostnaður við skyldusparnað hækkar um 2 millj. króna, sem stafar af því að greiða þarf eftirstöðvar kostnaðar frá fyrri árum og einnig má búast við einhverri kostnaðaraukningu vegna hækkunar þeirrar, er gerð var á skyldusparnaði s. l. vetur. Nokkrum hluta hins hækk-  
aða framlags verður varið til greiðslu kostnaðar þessa árs.

3. *Húsaleiguetirlit* hækkar um 40 þús. kr.

## III. Vinnumál:

1. *Félagsdómur*. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

2. *Sáttanefndir í vinnudeilum* hækkar um 30 þús. kr.

10. *Kostnaður við framkvæmd orlofslaga* hækkar um 600 þús. kr.

11. *Til framkvæmdar áætlunar um opinberan stuðning við samtök vinnu-  
markaðarins vegna hagræðingarstarfsemi* hækkar um 241 þús. kr.

12. *Framlag til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar I.L.O.* hækkar um 135 þús. kr.

13. *Til Atvinnubótasjóðs* er framlag að upphæð 10 millj. kr., og er það í sam-  
ræmi við ákv. laga um sjóðinn. Þessi liður er á 20. gr. fjárlaga nú, en réttara  
þykir að færa hann á þessa grein.

## IV. Almannatryggingar:

1. *Framlag samkv. 23. gr. laga nr. 40/1963* hækkar um 16.9 millj. króna. Hér er um að ræða framlag ríkisins til lífeyristrygginganna, sem taka til elli-,  
örorku-, barna- og ekkjulífeyris, auk makabóta, fjölskyldubóta, mæðralauna, fæð-  
ingarstyrks og ekkjubóta.

Samþykkt laga nr. 2/1964, sem kveður á um hækkun lífeyrisbóta, annarra  
en fjölskyldubóta, veldur 26.8 millj. kr. hækkun á þessum lið. En þar sem 9.9 millj.  
kr. af framlaginu á fjárlögum nú eru til að greiða halla ársins 1963 verður hækk-  
unin 16.9 millj. kr. eins og að framan getur.

2. *Framlag til sjúkratrygginga samkv. 55. gr. laga nr. 40/1963* hækkar um  
17.0 millj. króna, einkum vegna hækkunar daggjalda á sjúkrahúsunum frá næstu  
áramótum.

3. *Framlag til atvinnuleysistrygginga samkv. lögum nr. 29/1956* hækkar um  
3.8 millj. króna vegna kauphækkana verkafólks, er urðu á s. l. ári.

## V. Önnur félagsmál:

1. *Ríkisframsærsla sjúkra manna og örkumla:*

a. *Styrkur til berklasjúklinga* hækkar um 468 þús. kr. Hækkunin stafar af  
hækkunum daggjöldum á sjúkrahúsum.

b. *Styrkur samkv. 19. gr. laga nr. 66/1939* hækkar um 40 þús. kr.

d. *Berklaræktanir og Annar kostnaður* hækka um 30 þús. kr. hvor liður.

f. *Styrkur til sjúklinga, annarra en berklasjúklinga*, hækkar um 16.6 millj.  
kr. vegna hækkunar daggjalda.

2. *Önnur ríkisframsærsla:*

a. *Gjöld samkv. 21. gr., 22. gr. og 23. gr. framsærslulaga* lækka um 100 þús. kr.

d. *Greiðsla með börnum erlendra manna samkv. 3. bráðabirgðaákvæði fram-  
færslulaga* hækkar um 1.6 millj. króna, vegna samþykktar á lögum nr. 2/1964, um  
hækkun á bótum almannatrygginga.

4. *Til Sambands íslenskra berklasjúklinga* hækkar um 200 þús. kr.

9. *Til sumardvalarheimila, dagheimila og vistheimila fyrir börn úr bæjum  
og kaupúnum* hækkar um 50 þús. kr.

10. *Til dagheimila, byggingarstyrkir:*

a. Til dagheimilis í Kópavogi lækkar um 25 þús. kr.

e. Til dagheimilis í Hveragerði er nýr liður að upphæð 75 þús. kr.

13. *Styrkur til kvennaheimilisins Hallveigarstaða* hækkar um 100 þús. kr.

17. *Til Félagsmálastofnunarinnar* hækkar um 25 þús. kr.  
 19. a. *Til Ungmennafélags Íslands til skógræktar í Þrastaskógi* hækkar um 15 þús. kr.  
 c. *Til Bandalags íslenzkra skáta* hækkar um 100 þús. kr.

Um 18. gr.

I. *Samkvæmt launalögum*. Liðurinn „embættismenn“ fellur niður, þar eð þeir embættismenn, er fengið hafa eftirlaun samkvæmt þeim lið, fá nú lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, og sá lífeyrir er eigi lægri en þau eftirlaun, er þeir hafa fengið greidd úr ríkissjóði. Liðurinn „embættismannaekkjur“, lækkar um 123 þús. kr. vegna fækkunar eftirlauna- og styrkþega. Liðurinn „samkvæmt sérstökum lögum“ hækkar um 552 þús. kr. Hér er um að ræða eftirlaun tveggja fyrrverandi hæstaréttardómara og eftirlaun eins fyrrverandi ráðherra.

II. *Eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna og lífeyris, biðlaun, heiðurslaun og styrktarfé* lækka um 1368 þús. kr.

III. *Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs barnakennara* hækkar um 3 millj. kr.

IV. *Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna skv. 12. gr. l. 65/1955* hækkar um 125 þús. kr.

VI. *Framlag ríkissjóðs til uppbóta á lífeyri* hækkar um 5 millj. kr.

VII. *Uppbætur á lífeyri samkvæmt 18. gr. I.a. og II.* lækkar um 1370 þús. kr.

Um 19. gr.

Niðurgreiðslur vöruverðs innanlands eru áætlaðar 336 millj. kr. Er þá miðað við niðurgreiðslur eins og þær voru áætlaðar í maí s. l. á ársgrundvelli, að viðbættri áætlaðri söluaukningu næsta ár. Á hinn bóginn er hér ekki gerð tillaga um, hversu skuli á næsta ári fara um þær niðurgreiðslur, sem síðan hafa bætzt við og nauðsynlegar hafa reynzt til þess að halda vísitölunni óbreyttri að sinni, eins og gert var ráð fyrir, þegar samið var milli ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands í júní s. l. Verður að telja eðlilegt, að Alþingi marki þá frambúðarstefnu, sem fylgt verður í því máli.

Útflutningsuppbætur eru í frv. settar 188 millj. kr., og er þá miðað við nýjustu áætlun, er gerð hefur verið um þetta efni.

*Til greiðslu eftirstöðva skuldbindinga Útflutningssjóðs* er nýr liður að upphæð 353 þús. kr.

*Launaskattur* er nýr liður að upphæð 12 millj. kr. Skatturinn er áætlaður um 8 millj. kr. á ársgrundvelli, en greiða þarf skattinn fyrir síðari árshelming þessa árs og síðan á næsta ári fyrir það ár.

*Til óvissra útgjalda* hækkar um 2 millj. kr.

Um 20. gr.

Út. I. *Afborganir lána ríkissjóðs* lækka um 3.4 millj. kr.

II. *Til greiðslu á framlagi til Alþjóðabankans* er nýr liður að upphæð 10 millj. kr. Árið 1960 fékk Ísland hækkun á kvóta sínum í bankanum úr 2 í 15 millj. dollara. Nauðsynlegt er að greiða 10% af þessari hækkun til bankans í dollurum, þar af hefur 1% þegar verið greitt, en gert er ráð fyrir því að greiða afganginn 1170 þús. dollara eða jafnvirði ca. 50 millj. íslenzkra króna með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum.

V. *Til bygginga á jörðum ríkisins* hækkar um 450 þús. kr.

VII. 1. *Til viðbyggingar við Landspítalann* er lagt til að veittar verði 16 millj. kr. eða um 7.7 millj. kr. hærrí upphæð en veitt var til viðbyggingar við spítalann á þessu ári.

2. *Til áhaldakaupa í viðbyggingu við Landspítalann* er nýr liður að upphæð 4.5 millj. kr.

3. *Til byggingar eldhúss fyrir Landspítalann* er nýr liður að upphæð 10

millj. kr. Vegna stækkunar spítalans er nauðsynlegt að byggja nýtt eldhús ásamt mötuneyti.

4. *Til byggingar þvottahúss fyrir rikisspítalana* er nýr liður að upphæð 4 millj. kr. Gert er ráð fyrir því, að þvottahúsið verði sameign ríkisins og Reykjavíkurborgar.

5. *Til endurbóta á heilsuhælinu í Kristnesi* hækkar um 600 þús. kr.

6. *Til byggingar fávítahælis* hækkar um 72 þús. kr.

XI. *Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstöðina á Keldum* lækkar um 765 þús. kr.

XII. *Til byggingar Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands* er nýr liður að upphæð 4 millj. kr.

XIII. 2. *Til endurgreiðslu á láni menntaskólans í Reykjavík til menntaskólans á Akureyri*, er nýr liður að upphæð 1.1 millj. kr.

XIII. 6. *Til byggingar menntaskólahúss að Laugarvatni* hækkar um 323 þús. kr.

XIII. 7. *Til byggingar kennarabústaðar að Laugarvatni* er nýr liður að upphæð 750 þús. kr.

XIII. 9. *Til byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum* hækkar um 1.9 millj. kr.

XIII. 10. *Til byggingar hjúkrunarskóla* er nýr liður að upphæð 7 millj. kr.

XIII. 11. *Til byggingar fyrir bændaskólann á Hvanneyri* er nýr liður að upphæð 4 millj. kr., er kemur í stað liðarins „til framkvæmda á Hvanneyri“ í núgildandi fjárlögum, að upphæð 1.5 millj. kr.

XIV. *Til bygginga á prestssetrum* hækkar um 635 þús. kr.

XVI. *Til útihúsa á prestssetrum* lækkar um 34 þús. kr.

XVII. *Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara* hækkar um 800 þús. kr.

XXI. *Til kaupa á Skaftafelli í Örfæfum* er nýr liður að upphæð 60 þús. kr.

XXII. *Verkþæranefnd ríkisins, til byggingar* er nýr liður að upphæð 300 þús. kr.

XXIII. *Til byggingar upptökuheimilis í Kópavogi* er nýr liður að upphæð 1062 þús. kr.

XXIV. *Til að lána til rafstöðva á þeim svæðum, sem ríkisrafveitur ná ekki til, að fengnum tillögum raforkuráðs* lækkar um 505 þús. kr. Þessi liður var hafður hærri í fjárlögum 1963 og 1964 vegna sérstakra framkvæmda, sem lokið verður við á þessu ári, og er liðurinn því lækkaður aftur niður í það, sem hann var áður.

XXVIII. *Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna* hækkar um 200 þús. kr.

XXIX. *Til greiðslu á afborgunum og vöxtum af láni til kaupa á varðskipinu Óðni* kemur í stað liðarins „til aukningar landhelgisgæzlu“, sem lækkar um 2 millj. kr., þar sem lokið er að greiða eftirstöðvar af kaupverði nýrrar flugvélar fyrir landhelgisgæzluna.

XXXII. *Til byggingar biskupsbústaðar* er nýr liður að upphæð 300 þús. kr.

XXXIII. *Til endurbyggingar Borgar á Mýrum* hækkar um 400 þús. kr., og er hér um lokagreiðslu að ræða.

XXXVII. *Til fyrningasjóðs ríkisbifreiða* hækkar um 1 millj. kr.

XXXVIII. *Til greiðslu afborgana og vaxta af láni til byggingar vitaskips* kemur í stað liðarins „til byggingar vitaskips“, sem lækkar um 147 þús. kr.

XXXIX. *Til byggingar laxeldisstöðvar í Kollafirði* hækkar um 2.3 millj. kr.

XL. *Til byggingar handritahúss* hækkar um 1 millj. kr.

XLI. *Framlag til skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar vegna húsbýggingar* lækkar um 400 þús. kr.

XLII. *Til kaupa á húsnæði fyrir skattstofu Austurlandsumdæmis* er nýr liður að upphæð 500 þús. kr.

XLIII. *Til byggingar Norræns húss í Reykjavík* er nýr liður að upphæð 1.9 millj. kr. Gert er ráð fyrir því, að Ísland greiði 1/6 hluta byggingarkostnaðarins, sem greiðist á tveimur árum.

Um 22. gr.

Liðir XXII.—XXVIII eru nýir.

**Starfsmannaskrá ríkisins í frumvarpi til fjárlaga 1965.**

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
<b>3.</b>	<b>Póstur og sími:</b>			
	Póst- og símamálastjóri .....	1	28.	kr. 238 920
		1		kr. 238 920
	<b>Rekstrardeild:</b>			
	Forstjóri .....	1	26.	kr. 214 680
	Póstmálafulltrúi .....	1	22.	— 164 280
	Aðalgjaldkeri .....	1	21.	— 164 280
	Aðalbókari .....	1	21.	— 164 280
	Birgðastjóri .....	1	18.	— 137 280
	Innheimtugjaldkeri .....	1	18.	— 137 280
	Deildarstjórar .....	2	18.	— 274 560
	Fulltrúar II .....	7	17.	— 924 000
	Fulltrúar III .....	5	14.	— 555 740
	Gjaldkerar I .....	3	14.	— 352 080
	Gjaldkerar II .....	5	12.	— 502 720
	Bókarar I .....	9	11.	— 888 300
	Húsvörður .....	1	7.	— 90 480
		38		kr. 4 569 960
	<b>Hagdeild:</b>			
	Forstjóri .....	1	26.	kr. 214 680
	Aðalendurskoðandi .....	1	22.	— 173 280
	Yfirmaður skýrslugerða .....	1	22.	— 164 280
	Fulltrúi I .....	1	21.	— 142 480
	Yfirmaður starfsmannah. ....	1	21.	— 164 280
	Fulltrúi II .....	1	17.	— 132 000
	Sjóðsskoðunarfulltrúi .....	1	16.	— 122 040
	Fulltrúar III .....	3	14.	— 343 200
	Fulltrúi IV .....	1	12.	— 100 320
	Póstafgreiðslumaður .....	1	12.	— 104 400
	Bókarar I .....	6	11.	— 598 920
	Bókari II .....	1	8.	— 85 800
	Ritari I .....	1	9.	— 83 840
		20		kr. 2 429 520
	<b>Símatæknideild:</b>			
	<b>Skrifstofa:</b>			
	Forstjóri .....	1	26.	kr. 214 680
	Fulltrúar .....	2	17.	— 258 960
		3		kr. 473 640

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
<b>3.</b>	<b>Teiknistofa:</b>			
	Fulltrúi .....	1	17.	kr. 132 000
	Yfirteiknari .....	1	13.	— 104 400
	Teiknari .....	1	10.	— 92 760
		<b>3</b>		<b>kr. 329 160</b>
	<b>Birgðahúsið:</b>			
	Birgðastjóri .....	1	19.	kr. 147 600
	Fulltrúi III .....	1	14.	— 112 920
	Birgðavörður .....	1	11.	— 104 400
	Bókarar I og II .....	2	8., 11.	— 185 640
	Verkstjórar .....	2	12.	— 216 960
	Afgreiðslumaður .....	1	5.	— 77 400
	Yfirumsjónarmaður .....	1	15.	— 122 040
	Línnumenn .....	3	8.	— 278 280
	Bilstjóri I .....	1	8.	— 92 760
		<b>13</b>		<b>kr. 1 338 000</b>
	<b>Viðhald síma:</b>			
	Deildarverkfræðingar .....	2	24.	kr. 365 760
	Verkfræðingar .....	2	22.	— 328 560
	Tæknifræðingar .....	2	18.	— 264 240
	Yfirumsjónarmenn .....	2	15.	— 244 080
	Yfirumsjónarmaður .....	1	14.	— 117 360
	Bifreiðaumsjónarmaður .....	1	13.	— 112 920
	Umsjónarmaður b. v. d. ....	1	12.	— 108 480
	Símritari .....	1	12.	— 108 480
	Símverkjar .....	6	12.	— 601 920
	Línuverkstjórar .....	14	12.	— 1 490 920
	Línnumenn .....	19	8.	— 1 625 560
	Bifreiðastjórar .....	2	8.	— 185 520
		<b>53</b>		<b>kr. 5 553 800</b>
	<b>Viðbót og viðhald stöðva:</b>			
	Símaverkstjóri .....	1	14.	kr. 117 360
	Símvirki .....	1	12.	— 96 480
	Byggingaeftirlitsmaður .....	1	14.	— 112 920
		<b>3</b>		<b>kr. 326 760</b>
	<b>Ritsímaverkstæðið:</b>			
	Yfirsímaverkstjóri .....	1	16.	kr. 126 960
	Iðnaðarmenn sj. st. ....	3	12.	— 312 180
	Símvirki .....	1	12.	— 104 400
		<b>5</b>		<b>kr. 543 540</b>
	<b>Skiptiborðaverkstæðið:</b>			
	Yfirsímverkjaverkstjóri .....	1	16.	kr. 126 960
	Símverkjar .....	7	12.	— 718 560

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	Línumenn .....	2	8.	kr. 178 560
	Línuverkstjóri .....	1	12.	— 108 480
		11		kr. 1 132 560
<b>Radiotæknideild:</b>				
<b>Skrifstofan:</b>				
	Forstjóri .....	1	26.	kr. 214 680
	Fulltrúi III .....	1	14.	— 117 360
		2		kr. 332 040
<b>Loftskeytastöðin:</b>				
	Stöðvarstjóri .....	1	16.	kr. 126 960
	Símritarar .....	4	12.	— 429 840
	Fjarritarar .....	2	9.	— 178 320
		7		kr. 735 120
<b>Stuttbylgjustöðin:</b>				
	Stöðvarstjóri (½ laun) .....	0.5	21.	kr. 82 140
	Stöðvarstjóri .....	1	15.	— 122 040
	Símritarar .....	3	12.	— 305 040
	Símvirtækjar (1½ laun) .....	1.5	12.	— 154 560
	Fjarritari .....	1	9.	— 89 160
		7		kr. 752 940
<b>Radioflugþjónustan, Gufunesi:</b>				
	Stöðvarstjóri (½ laun) .....	0.5	21.	kr. 82 140
	Fulltrúi II .....	1	17.	— 132 000
	Varðstjórnar .....	5	13.	— 564 600
	Símritarar .....	28	12.	— 2 912 980
	Loftskeytamenn .....	12	11.	— 1 148 530
	Símvirtækjar (2½ laun) .....	2.5	12.	— 257 650
	Iðnaðarmaður .....	1	10.	— 92 760
		50		kr. 5 190 660
<b>Rjúpnahæðarstöðin:</b>				
	Stöðvarstjóri .....	1	17.	kr. 132 000
	Símvirtækjar .....	8	12.	— 859 680
	Símritari .....	1	12.	— 108 480
	Iðnaðarmenn .....	2	10., 12.	— 208 800
		12		kr. 1 308 960
<b>Radioverkstæðið:</b>				
	Yfirdeildarstjóri .....	1	19.	kr. 147 600
	Umsjónarmenn .....	2	14.	— 234 720
	Símav. verkstjórnar .....	3	12.	— 352 080
	Bókari .....	1	11.	— 89 160

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	Simvirkjar .....	10	12.	kr. 1 010 180
	Iðnaðarmenn .....	5	10., 12.	— 510 360
	Loftskeytamaður .....	1	10.	— 89 160
		23		kr. 2 433 260
<b>Radioeftirlit:</b>				
	Radioeftirlitsmaður .....	1	17.	kr. 132 000
	Fulltrúi .....	1	14.	— 108 480
		2		kr. 240 480
<b>Radio-viðhald:</b>				
	Línuverkstjóri .....	1	12.	kr. 108 480
	Iðnaðarmaður .....	1	12.	— 108 480
	Línumenn .....	2	11.	— 192 960
		4		kr. 409 920
<b>Loranstöðin hjá Vík:</b>				
	Stöðvarstjóri .....	1	17.	kr. 122 040
	Simvirkjar .....	2	12.	— 216 960
	Loftskeytamenn .....	2	11.	— 191 480
	Vélaviðgerðamaður .....	1	10.	— 96 480
	Tækjagæzlumenn .....	4	7.	— 361 920
		10		kr. 988 880
<b>Loranstöðin hjá Sandi:</b>				
	Stöðvarstjóri .....	1	18.	kr. 137 280
	Yfirumsjónarmaður .....	1	15.	— 108 480
	Simav. verkstjóri .....	1	14.	— 117 360
	Umsjónarmaður .....	1	13.	— 104 400
	Simvirkjar .....	14	12.	— 1 426 720
	Vélaviðgerðarmenn .....	3	10.	— 257 400
	Aðstoð .....			— 25 920
		21		kr. 2 177 560
<b>Útvarps- og sendistöðvar:</b>				
	Umsjónarmaður útvarps .....	1	19.	kr. 147 600
<b>Vatnsendi:</b>				
	Stöðvarstjóri .....	1	16.	— 126 960
	Vélstjóri .....	1	15.	— 122 040
	Stöðvarverðir .....	4	11.	— 413 520
<b>Eiðar:</b>				
	Stöðvarstjóri .....	1	14.	— 117 360
	Stöðvarvörður .....	1	11.	— 99 680
<b>Skjaldarvík:</b>				
	Stöðvarstjóri .....	1	14.	— 112 920
	Stöðvarvörður .....	1	11.	— 104 400



Fjárl.grein	Embætti og staða	Stn.	Launafl.	Laun
	<b>Höfn:</b>			
3.	Stöðvarstjóri .....	1	14.	kr. 117 360
		12		kr. 1 361 840
	<b>Radioframkvæmdadeild:</b>			
	Deildarverkfræðingur .....	1	24.	kr. 182 880
	Verkfræðingar .....	2	22.	— 328 560
	Deildar-tæknifræðingur .....	1	19.	— 147 600
	Síma-tæknifræðingar .....	2	18.	— 254 040
	Símavinnuverkstjórar .....	4	14.	— 456 120
	Símvirkjar .....	6	12.	— 610 080
		16		kr. 1 979 280
	<b>Ritsímastöðin í Reykjavík:</b>			
	Yfirumsjónarmenn .....	2	16.	kr. 253 920
	Varðstjórar .....	3	13.	— 338 760
	Símritarar .....	12	12.	— 1 285 440
	Fulltrúi IV .....	1	12.	— 108 480
	Fjarritarar .....	2	9.	— 177 200
		20		kr. 2 163 800
	<b>Talsímaafgreiðsla ritsímans:</b>			
	Gjaldkeri III .....	1	9.	kr. 89 160
	Fjarritarar .....	4	9.	— 362 800
		5		kr. 451 960
	<b>Skeytamóttakan:</b>			
	Gjaldkeri III .....	1	9.	kr. 89 160
	Skeytaskrárritarar .....	2	9.	— 192 960
	Fjarritarar .....	2	9.	— 174 960
		5		kr. 457 080
	<b>Skeytaútsending:</b>			
	Yfirsendimenn .....	2	8.	kr. 185 520
	Sendimenn .....	8	7.	— 694 920
		10		kr. 880 440
	<b>Skrifstofa ritsímastjóra:</b>			
	Ritsímastjóri .....	1	23.	kr. 182 880
	Fulltrúi II .....	1	17.	— 132 000
	Bókarar .....	4	11.	— 394 440
	Yfirumsjónarmaður .....	1	16.	— 126 960
		7		kr. 836 280
	<b>Langlínumiðstöðin:</b>			
	Yfirvarðstjórar .....	2	12.	kr. 216 960
	Varðstjórar .....	2	9.	— 185 640
	Eftirlitsmenn .....	2	8.	— 185 520
	Talsímakonur .....	50	7.	— 4 240 140
	Naturvörður .....	1	7.	— 85 800
		57		kr. 4 914 060

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafll.	Laun
<b>3.</b>	<b>Bæjarsíminn í Reykjavík:</b>			
	Bæjarsímstjóri .....	1	24.	kr. 192 840
	Skrifstofustjóri II .....	1	20.	— 155 760
	Yfirdeildarstjóri .....	1	19.	— 147 600
	Umsjónarmaður sj.v.st. ....	1	19.	— 139 920
	Símafræðingur .....	1	18.	— 137 280
	Fulltrúi .....	1	17.	— 132 000
	Yfirsímaverkstjóri .....	2	16.	— 253 920
	Fulltrúar III .....	4	14.	— 460 560
	Símavinnuverkstjórar .....	3	14.	— 352 080
	Yfirlínuverkstjórar .....	2	14.	— 234 720
	Fulltrúar IV .....	2	12.	— 216 960
	Símverkjar .....	19	12.	— 1 969 900
	Línuverkstjórar .....	5	12.	— 534 240
	Iðnaðarmenn .....	2	12.	— 212 880
	Bókarar I .....	4	11.	— 409 680
	Teiknarar I .....	2	10.	— 189 240
	Nætúrverðir .....	2	10.	— 200 640
	Birgðavörður .....	1	10.	— 100 320
	Varðstjóri .....	1	9.	— 96 480
	Tengingamenn .....	5	9.	— 482 090
	Bókarar II .....	4	8.	— 352 720
	Línumenn .....	20	8.	— 1 791 760
	Talsímakonur .....	14	7.	— 1 219 480
		<b>98</b>		<b>kr. 9 983 070</b>
	<b>Talsamband við útlönd:</b>			
	Varðstjórar .....	2	14.	— 234 720
	Talsímakonur .....	9	9.	— 805 000
		<b>11</b>		<b>kr. 1 039 720</b>
	<b>Póststofan í Reykjavík:</b>			
	Póstmeistari .....	1	23.	kr. 182 880
	Deildarstjórar .....	3	18.	— 411 840
	Fulltrúar II .....	2	17.	— 264 000
	Póstvarðstjórar .....	8	16.	— 1 006 080
	Fulltrúar III .....	11	14.	— 1 282 080
	Gjaldkerar I .....	2	14.	— 234 720
	Fulltrúar IV .....	6	12.	— 642 720
	Póstafgreiðslumenn I .....	43	12.	— 4 446 920
	Póstbílstjórar .....	2	12.	— 216 960
	Póstafgreiðslumenn II .....	13	8.	— 1 166 680
	Bréffberar I .....	26	7.	— 2 200 980
	Húsvörður .....	1	7.	— 83 640
		<b>118</b>		<b>kr. 12 139 500</b>

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafll.		Laun
<b>3.</b>	<b>Hafnarfjörður:</b>				
	<b>Sími:</b>				
	Stöðvarstjóri .....	1	19.	kr.	147 600
	Bókari .....	1	8.	—	92 760
	Talsímakonur .....	3	7.	—	247 800
		5		kr.	488 160
	<b>Póstur:</b>				
	Yfirumsjónarmaður .....	1	15.	kr.	122 040
	Póstafgreiðslumenn .....	2	12.	—	200 640
	Bréffberar .....	3	7.	—	249 600
		6		kr.	572 280
	<b>Akureyri:</b>				
	<b>Sími:</b>				
	Umdæmisstjóri .....	1	21.	kr.	164 280
	Yfirumsjónarmaður .....	1	15.	—	117 360
	Varðstjóri .....	1	13.	—	112 920
	Varðstjórar .....	2	9.	—	189 240
	Símritari .....	1	12.	—	108 480
	Símvirtækjar .....	2	12.	—	208 800
	Næturvörður .....	1	10.	—	100 320
	Talsímakonur .....	22	7.	—	1 786 120
		31		kr.	2 787 520
	<b>Póstur:</b>				
	Póstmeistari .....	1	19.	kr.	147 600
	Yfirumsjónarmaður .....	1	15.	—	122 040
	Fulltrúar III .....	2	14.	—	234 720
	Póstafgreiðslumenn .....	3	12.	—	292 710
	Bréffberar .....	2	7.	—	167 880
		9		kr.	964 950
	<b>Brú:</b>				
	<b>Sími:</b>				
	Umdæmisstjóri .....	1	21.	kr.	164 280
	Varðstjóri .....	1	13.	—	112 920
	Símritari .....	1	12.	—	104 400
	Talsímakonur .....	5	7.	—	406 480
		8		kr.	788 080
	<b>Ísafjörður:</b>				
	<b>Sími:</b>				
	Umdæmisstjóri .....	1	21.	kr.	164 280
	Varðstjóri .....	1	13.	—	112 920
	Loftskammtamaður .....	1	11.	—	92 760

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launaf.		Laun
3.	Línumaður .....	1	8.	kr.	82 440
	Bókari .....	1	8.	—	82 440
	Naturvörður .....	1	10.	—	100 320
	Talsímakonur .....	11	7.	—	893 760
		17			kr. 1 528 920
<b>Póstur:</b>					
	Yfirumsjónarmaður .....	1	15.	kr.	122 040
	Póstafgreiðslumenn .....	2	12.	—	194 940
	Bréfberi .....	1	7.	—	81 040
		4			kr. 398 020
<b>Seyðisfjörður:</b>					
<b>Sími:</b>					
	Umdæmisstjóri .....	1	21.	kr.	164 280
	Varðstjórar .....	2	13.	—	217 320
	Símritarar .....	2	12.	—	208 800
	Bókari .....	1	8.	—	85 800
	Talsímakonur .....	4	7.	—	327 540
	Loftskeytamaður .....	1	11.	—	96 480
		11			kr. 1 100 220
<b>Póstur:</b>					
	Póstafgreiðslumaður .....	1	12.	kr.	108 480
		1			kr. 108 480
<b>Siglufjörður:</b>					
	Umdæmisstjóri .....	1	21.	kr.	164 280
	Fulltrúi .....	1	14.	—	117 360
	Varðstjóri .....	1	13.	—	112 920
	Símritari .....	1	12.	—	108 480
	Línumaður .....	1	8.	—	89 160
	Naturvörður .....	1	10.	—	92 760
	Talsímakonur .....	10	7.	—	796 160
		16			kr. 1 481 120
<b>Póstur:</b>					
	Yfirumsjónarmaður .....	1	15.	kr.	122 040
	Póstafgreiðslumenn .....	2	12.	—	199 680
	Bréfberi .....	1	7.	—	83 640
		4			kr. 405 360
<b>Vestmannaeyjar:</b>					
<b>Sími:</b>					
	Stöðvarstjóri .....	1	21.	kr.	164 280
	Varðstjóri .....	1	13.	—	104 400
	Símv. verkstjóri .....	1	14.	—	112 920

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launaf.	Laun
3.	Loftskeytamaður .....	1	11.	kr. 96 480
	Næturvörður .....	1	10.	— 92 760
	Talsimakonur .....	6	7.	— 509 680
	Símvirki .....	1	12.	— 96 480
		12		kr. 1 177 000
<b>Póstur:</b>				
	Yfirumsjónarmaður .....	1	15.	kr. 122 040
	Póstafgreiðslumenn .....	2	12.	— 196 800
	Bréfberar .....	2	7.	— 170 640
		5		kr. 489 480

Laun samtals 80 002 300. Af launum við radioflugþjónustu og loran-stöðvar er áætlað að I.C.A.O. endurgreiði kr. 9 666 060.

Fastráðnir starfsmenn 776.

#### Áfengis- og tóbakseinkasala ríkisins:

##### Skrifstofan:

Forstjóri .....	1	26.	kr. 214 680
Skrifstofustjóri .....	1	23.	— 182 880
Fulltrúi .....	1	20.	— 147 600
Lyfsölustjóri .....	1	—	120 000
Aðalgjaldkeri .....	1	17.	— 132 000
Gjaldkeri .....	1	12.	— 108 140
Aðalbókarar .....	2	17.	— 264 000
Bókarar .....	5	11.	— 476 680
Bókarar .....	2	8.	— 161 760
Fulltrúar .....	2	14.	— 234 720
Fulltrúar .....	7	12.	— 731 040
Afgreiðslumaður .....	1	10.	— 100 320
Sölumaður .....	1	9.	— 92 760
Símastúlka .....	1	7.	— 83 640
Bréfitari .....	1	12.	— 100 320
Bífreiðastjóri .....	1	8.	— 92 760
	29		kr. 3 243 300

##### Ríkisútvarpið:

##### Yfirstjórn:

Útvarpsstjóri .....	1	27.	kr. 226 440
Formaður útvarpsráðs .....	1	U.	— 36 696
Útvarpsráð .....	4	U.	— 97 872

##### Aðalskrifstofa:

Skrifstofustjóri .....	1	23.	— 182 880
Aðalgjaldkeri .....	1	17.	— 132 000
Fulltrúi .....	1	14.	— 117 360
Skjalavörður .....	1	11.	— 92 760
Símavarzla (hl. l.) .....	2	6.	— 88 536
Sendisveinar .....	2	U.	— 141 120

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
<b>3.</b>	<b>Innheimtuskrifstofa:</b>			
	Innheimtustjóri .....	1	17.	kr. 132 000
	Fulltrúi .....	1	12.	— 108 480
	Bókarar .....	2	8.	— 165 480
	Ritarar .....	3	U., 6.	— 176 796
	Innheimtumaður .....	1	6.	— 87 000
	Gjaldkeri .....	1	14.	— 117 360
	<b>Auglýsingaskrifstofa:</b>			
	Auglýsingastjóri .....	1	17.	— 132 000
	Bókarar .....	3	9.	— 250 920
	Innheimtumenn .....	2	7.	— 174 000
	<b>Fréttastofa:</b>			
	Fréttastjóri .....	1	23.	— 182 880
	Fréttamenn .....	8	16.	— 940 824
	<b>Skrifstofa dagskrár:</b>			
	Dagskrárstjóri .....	1	23.	— 182 880
	Fulltrúar (1 + 2) .....	3	16., 18.	— 396 240
	Leiklistarráðunautur .....	1	21.	— 164 280
	Bókari .....	1	8.	— 79 320
	Dagskrármenn .....	2	15., 16.	— 244 080
	Ráðunautur .....		U.	— 24 468
	Gjaldkeri .....	1	12.	— 108 480
	<b>Tónlistardeild:</b>			
	Tónlistarstjóri .....	1	21.	— 164 280
	Fulltrúar (1 + 3) .....	4	12., 18.	— 463 656
	Dagskrármenn .....	3	16.	— 348 720
	Hljómplötuvörður .....	1	8.	— 92 760
	Ritari .....	1	9.	— 85 800
	Bókari .....	1	8.	— 89 160
	Aðstoðarmaður .....	1	5.	— 80 520
	<b>Þulir:</b>			
	Þulir .....	4	15.	— 406 560
	<b>Útvarps- og magnarasalir:</b>			
	Forstöðumenn .....	2	17., 19.	— 279 600
	Magnaraverðir .....	8	12.	— 851 760
	<b>Aðrir starfsmenn:</b>			
	Afgreiðslukonur .....	2	U.	— 158 064
	Dyraverðir .....	3	6., 8., 11.	— 277 200
	Umsjónarmaður .....	1	10.	— 96 480
	Ráðunautar .....		U.	— 111 600
		<b>79</b>		<b>kr. 8 289 312</b>

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
<b>3.</b>	<b>Viðtækjaverzlun ríkisins:</b>			
	Forstjóri .....	1	23.	kr. 182 880
	Skrifstofustjóri .....	1	16.	— 126 960
	Fulltrúi .....	1	14.	— 117 360
	Bókarar .....	2	8., 11.	— 197 160
	Útvarpsvirki .....	1	12.	— 108 480
	Birgðavörður .....	1	10.	— 92 760
	Ritari .....	1	9.	— 96 480
		8		kr. 922 080
	<b>Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:</b>			
	Forstjóri .....	1	24.	kr. 192 840
	Skrifstofustjóri .....	1	20.	— 155 760
	Bókari .....	1	11.	— 104 400
	Ritari .....	1	6.	— 74 400
	Birgðavörður .....	1	10.	— 100 320
	Afgreiðslumaður .....	1	U.	— 93 600
	Sendisveinn .....	1	U.	— 36 000
		7		kr. 757 320
	<b>Landssmiðjan:</b>			
	Forstjóri .....	1	26.	kr. 203 520
	Skrifstofustjóri .....	1	23.	— 182 880
	Aðalgjaldkeri og aðalbókari .....	2	17.	— 253 920
	Bókarar .....	2	8., 11.	— 179 640
	Ritari .....	1	9.	— 79 320
	Innheimtumaður .....	1	6.	— 77 400
	Símastúlka .....	1	5.	— 74 400
	Sendisveinn .....	1	U.	— 52 000
	Fulltrúar III .....	2	14.	— 225 840
	Skjalavörður .....	1	11.	— 104 400
		13		kr. 1 433 320
	<b>Innkaupastofnun ríkisins:</b>			
	Forstjóri .....	1	26.	kr. 214 680
	Skrifstofustjóri .....	1	20.	— 155 760
	Innkaupastjóri .....	1	20.	— 147 600
	Gjaldkerar .....	2	12., 17.	— 218 520
	Aðalbókari .....	1	17.	— 132 000
	Ritari .....	1	6.	— 74 400
	Tæknifræðingur .....	1	18.	— 122 040
	Sölumaður .....	1	12.	— 92 760
	Fulltrúar .....	2	14.	— 221 400
		11		kr. 1 379 160

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
10. I. 2.	<b>Stjórnarráðið:</b>			
	<b>Atvinnumálaráðuneytið:</b>			
	Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	kr. 238 920
	Deildarstjórar .....	2	24.	— 375 720
	Fulltrúar .....	3.5	20., 21.	— 524 880
	Bókari .....	1	11.	— 104 400
	Ritari .....	1	4.	— 71 520
		8.5		kr. 1 315 440
	<b>Dóms- og kirkjumálaráðuneytið:</b>			
	Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	kr. 238 920
	Deildarstjórar .....	1	24.	— 192 840
	Fulltrúar .....	5	17., 21.	— 748 920
	Ritari .....	1	6.	— 77 400
	Bókarar .....	2	11.	— 200 880
		10		kr. 1 458 960
	<b>Félagsmálaráðuneytið:</b>			
	Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	kr. 238 920
	Deildarstjórar .....	2	24.	— 385 680
	Fulltrúar .....	3	17., 20., 21.	— 484 320
	Bókari .....	1	11.	— 96 480
	Ritari .....	1	6.	— 74 400
		8		kr. 1 279 800
	<b>Fjármálaráðuneytið:</b>			
	Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	kr. 238 920
	Deildarstjórar .....	2	24.	— 385 680
	Fulltrúar (3 + ½ + ½) .....	4	17., 20., 21.	— 616 380
	Bókari .....	1	11.	— 100 320
	Ritari .....	1	9.	— 89 160
	Skjalavörður .....	1	11.	— 104 400
		10		kr. 1 534 860
	<b>Ríkisendurskoðun:</b>			
	Ríkisendurskoðandi .....	1	28.	kr. 238 920
	Endurskoðendur (1 + 6) .....	7	20., 21.	— 1 098 840
	Deildarstjórar .....	4	24.	— 771 360
	Fulltrúar (1 + 6) .....	7	14., 17.	— 874 680
	Bókarar .....	4	11.	— 398 040
	Ritarar (2 + 1) .....	3	6., 9.	— 234 600
		26		kr. 3 616 440



Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
<b>10. I. 2.</b>	<b>Forsætis- og menntamálaráðuneytið:</b>			
	Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	kr. 238 920
	Deildarstjóri .....	1	24.	— 192 840
	Fulltrúar .....	3	20., 21.	— 486 240
	Bókarar .....	3	11.	— 289 560
		8		kr. 1 207 560

**Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið:**

Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	kr. 238 920
Deildarstjóri .....	1	24.	— 192 840
Fulltrúi .....	1.5	21.	— 237 120
Bókari .....	1	11.	— 96 480
	4.5		kr. 765 360

**Útanríkisráðuneytið:**

Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	kr. 238 920
Sendiherra .....	1	28.	— 238 920
Deildarstjórar .....	3	24.	— 578 520
Fulltrúi .....	1	21.	— 164 280
Viðskiptaráðunautur .....	0.5	28.	— 119 460
Sendisveinn .....	1	U.	— 36 000
Bókarar .....	5	11.	— 472 200
Deildarstjóri (hl. launa) .....		24.	— 46 080
	12.5		kr. 1 894 380

**Útanríkisráðuneytið, varnarmáladeild:**

Deildarstjóri .....	1	24.	kr. 192 840
Fulltrúar .....	4	17., 21.	— 587 940
Bókari .....	1	8.	— 82 440
	6		kr. 863 220

**Viðskiptamálaráðuneytið:**

Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	kr. 238 920
Ráðunautur .....	0.5	28.	— 119 460
Deildarstjórar .....	4	24.	— 758 910
Fulltrúi .....	1	17.	— 132 000
Bókarar .....	1.5	11.	— 150 780
Ritari .....	0.5	9.	— 41 220
	8.5		kr. 1 441 290

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
<b>10. I. 2.</b>	<b>Hagstofan:</b>			
	Hagstofustjóri .....	1	28.	kr. 238 920
	Deildarstjórar .....	3	24.	— 578 520
	Fulltrúar .....	8	14., 21.	— 1 024 340
	Umsjónarmenn .....	2	14.	— 230 280
	Bókari .....	1	11.	— 79 490
	Ritarar .....	4	4., 6.	— 276 570
		19		kr. 2 428 120
	<b>Þjóðskráin:</b>			
	Fulltrúar .....	2	14., 21.	kr. 277 200
	Bókarar .....	3	11.	— 297 960
		5		kr. 575 160
	<b>Aðrir starfsmenn:</b>			
	Dyravörður .....	1	7.	kr. 87 000
	Símastúlkur .....	3	7.	— 241 800
	Bifreiðastjórar .....	6	10.	— 598 080
	Gæzlumaður .....	1	U.	— 31 452
	Ræstingakonur .....	4	U.	— 155 016
		15		kr. 1 113 348
<b>10. I. 3.</b>	<b>Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:</b>			
	<b>Ríkisféhirzla:</b>			
	Ríkisféhirðir .....	1	24.	kr. 192 840
	Aðalféhirðir .....	1	17.	— 112 920
	Bókari .....	1	11.	— 100 320
	Fulltrúi .....	1	20.	— 155 760
	Skiptimyntarféhirðir .....	1	12.	— 101 000
	Ritari .....	1	6.	— 83 640
	Aðstoð .....			— 20 000
	<b>Ríkisbókhald:</b>			
	Ríkisbókari .....	1	26.	— 214 680
	Fulltrúar .....	7	12., 21.	— 942 480
	Bókarar .....	2	11.	— 200 880
	Deildarstjórar .....	2	24.	— 385 680
		18		kr. 2 510 200
<b>11. A.</b>	<b>Hæstiréttur:</b>			
	Dómforseti .....	1		kr. 288 000
	Dómarar .....	4		— 1 056 000
